Andlegar
Hugvekjur
til
Qvöld-lestra,
frá
Páskum til Hvítasunnu,
eptir
Christópher Christján Stúrm
edur hans máta,
samanteknar af

Markúsi Magnússyni,
Fyrrum Stiptprófasti, Prófasti í Kjalarness Þingi og
Sóknarpresti til Garda og Bessastada.

III. Bindi.

Selst óinnbundid á Prentpappír 56 ß. Silfur-Mynt.

Videyar Klaustri, 1838.
Prentad á Forlag Secretera O. M. Stephensens,
af Bókþryckjara Helga Helgasyni.

1. Hugvekja.

Minni er eg, Drottinn! allri þeirri miskun og trúfesti, sem þú hefir audsýnt mér. (1 Mósis b. 32, 10).

Til hvílíkra þacka hefir vor gódi Gud og Skapari unnid af oss fyrir þad, ad hann gaf oss skynsemdarfulla sálu, og hæfilega til ad þeckja hann! Yfrid hátt erum vér, med þeirri gáfu, upphafdir af honum yfir svo margar skapadar verur, og þó vér megum meta oss miklu litilsjørlegri enn mørg hans handaverk ønnur, einkum þegar vér samlíkjum oss vid þá yfrid veglegu og stóru himinkroppa, sem hans almáttuga hønd hefir útbreitt um festíngar-himininn, verdum vér þó strax varir yfirburda vorra, ef vér ímyndum oss ad þessa himinkroppa vanti, sem þó er ólíklegt, skynsemdarfulla innbúa, sem dadst géti, bædi ad fegurd þeirra hnatta, og síns

Skapara fullkomlegleikum. Sérhver sképna í dýranna ríki vegsamar, hver eptir hennar edli, Skapara sinn, en sá andi, sem hann hefir oss gjædda med, þeckir þó betur, og sær því dýrkad og vegsamad enn verduglegar hans vísdóm, almætti og gædsku. Þó ad sérhvert blómstrid lýsi hans vísdémi og almætti, sem þad mindadi svo fagurlega, þeckir þad þó ecki sjálft þann, er gjordi þad; vér þarámót þeckjum hann; vér vitum oss skapada eptir hans mind; hversu sæla megum vér þá ecki álíta oss, vid þeckíngu þessa mikla Guds, hvers hátign og veldi himin og jørd auglýsa, og þó má oss finnast þad enn miklu meira verdt, ad þessi mikli Gud hefir unnt oss ad þeckja sig, sem vorn ástríka og umhyggjusamasta Fødur, sem elskar oss miklu innilegar enn nockurr dygdugasti og ástríkasti fadir vor á medal sær elskad børn sín! ad hans velgjørníngar vid oss eru óteljandi, sem ecki einúngis uppfylla allar vorar þarfir og naudsynjar, heldur einníg allar vorar leyfilegar óskir, á því þreifum vér dags daglega; en þó yfirgnæfir allt, sem vér vitum ad Gud hefir vel vid oss gjørt: ad hann hefir

géfid oss sinn eingétinn og elskulegann Son. Sá kjærleiki Guds yfirgengur allt hvad vor sála fær imindad sér. O! ad vér fengjum verduglega prísad þessi Guds kjærleiks undur, ædri øllum skilníngi og allri náttúrlegri þeckíngu. Hver skynsemi og eptirþánka gædd sála, sem veit sig ad=njótandi þvílíkra velgjørnínga, og sig svo hátt setta, af kjærleikans Gudi, á Skøpunarverksins trøppu, og nýtur svo margra røksemda Fødurelsku hans; hver, segi eg, vildi ecki elska þvílíkann Fødur, þvílíkann velgjørera, sem er eintómur kjærleiki, og hvers gjørvøll rádstafan og umhyggja fyrir oss, ber vitni um elsku þess ástúdlegasta Fødurs? Hversu megum vér þá ecki skelfast kaldsinni vort og deyfd vid þvílíkann kjærleika, á hverjum vér þreifa megum sífeldt bædi úngir og gamlir, og sem þó hrærir svo litid vort kalda hjarta? Uppá svo margvíslegann hátt hefir Gud sýnt og sannfært oss um þad, ad vor sáluhjálplega og heilladrjúgasta skylda væri sú: ad elska hann yfir alla hluti fram, hann, sem elskadi oss svo heitt ad fyrra bragdi; en æ! hversu fáir af oss gæta rétt þess=

arar skyldu? hversu fáir kannast, með verðugu þakklæti, við Skapara síns óþreytanlegu velgjörninga; Láttu þér samt ecki leiðast, besti Faðir! að gjöra oss óþacklátum skepnum þínum gott; Þín óþreytanlega náð, sem enn á þessum degi verið hefir vakandi yfir oss, styrkir trú vora þar um: að með enda þessa dags muni þó þinn kjærleiki til vor ecki enda taka. O! vér játum það eins meðal þinna náðarverkana, að vér enn þá drögum vorn anda, enn þá fáum oss hrært og lifum, og vogum því enn framvegis að vænta af þinni sömu trúföstu náð, að bera viljir vorkunsemi með veikleika vorum; já, alls þess, sem útkrefst til eblíngar vorrar sönnu luku, væntum vér með efalausri fullvissu um þína Föðurgæðsku; og allteins þó þínu alvísa ráði þóknast mætti að láta oss nockrar mótlætíngar til handa bera, viljum vér og telja þær með þínum velgjörníngum, og auðmjúkir kyssa þá kjæru Föður hönd, sem oss til besta typtar oss. Þeirrar náðar biðjum vér þig, trúfasti Faðir! að þú viljir kénna oss að þeckja og þacka þinn kjærleika í öllu því, sem þú lætur við oss fram-

koma, svo ver læra mættum ad elska þig af gjörvöllu hjarta því framar, sem vér fáum betur þinn kjærleika þecktann.

2. Hugvekja.

Hverr, sem situr undir skjóli hins Hærsta og skugga hins Almáttuga, sá segir til Drottins: mitt traust og mitt slot, minn Gud! á hvern; eg vona, Ps. (91, 1. 2).

Værum vér ecki med efalausri fullvissu sannfærdir um þad, ad Gud er til, og ad þessi Gud er vor Skapari, og elskurikur Fadir, mættum vér med ángist og qvída sjá sérhvern dag vors lífs renna upp, og leggjast med örvýlnun í sæng vorá ad qvöldi. Vér sæum oss þá búnar mædur og mótlætingar, en vissum oss þó einkis léttirs í þeim ad leita; vér sæum fyrir oss liggja sár sorga tilfelli, en vissum þá hvergi ad fá þeirra bót. Veikleika vorn og vanmátt þeckjum vér, en hefdum þá hvergi styrks ad vænta. Fyrir daudanum hlytum vér qvídandi vera hvert augnablik, því þá hefdum vér enga von betra lifs. Já, ef ad vér vissum ecki ad Gud er til, og ad þessi Gud er vor ástríkur Fadir, þá mætti þad mega ólucka

heita, ad vera fæddur, ſtraff ad lifa og ſkélfíng ad deya. En lofadur veri Gud! ad vér vitum hann vera til; vér vitum á hvern vér trúum, og á hvern vér voga megum ad ſetja vort trúnad-ar-trauſt; ad vér þeckjum þennann vorn Gud, og hvílíkann Gud ad vera, þad er vor lucka í lífi og dauda, og þetta er þad, ſem géfur oſs þad ørugg-aſta trúnadar-trauſt og hugarmód á þeſsari ſtundu. Þeſsi vor Gud, hann er mikill, óendanleg er hans makt til ad hjálpa, vernda og vardveita; ó-takmørkud er hans makt til ad um-buna og ad ſtraffa; hverſu huggun-arrík má oſs ecki vera þeſsi fullviſsa, þegar vér hugleidum vanmátt vorn, og vorra medbrædra kraptleyſi oſs til hjálpar, þegar oſs áliggur, en ſjáum þarámót vondſku ógudlegra manna leggja tálſnørur í veginn fyrir oſs; en í hverſu léttu rúmi má oſs þá ecki allt þetta liggja, því hvad fær oſs vantad, hvad má óſs granda, þegar almáttugur Gud ſtydur oſs, ſtyrkir og verndar oſs? þó vort líf ſé ſaman-tvinnad af mørgum undarlegum og ó-ſkiljanlegum tilfellum, fulltreyſtum vér þó ſamt, ad Stjórnari vors lífs leidi

allt hvad oss mætir til farsælustu af=
drifa. Þó ad vér reyna mættum
flátt skap og undirferli, svik og pretti
af vondum mønnum, nægir oss sú
sannfæring, ad Gud er sannordur og
óumbreytanlega trúfastur; ad hans
fyrirheit standa stødug, og ad hans ord
bregdast aldrei; þó heimurinn vilji ecki
líta vid oss, vorir bestu vinir snúi vid
oss bakinu, er oss þad samt fullnóg
huggun ad Gud elskar oss, ad hann er
oss til handa einskær nád, miskun og
kjærleiki; því skyldum vér þá ecki álíta
hann vora ædstu og einustu huggun
og gledi, ecki setja á hann vort gjør=
valla trúnadar=traust; já Drottinn
vor Gud! vor unadsemd sé ad trúa
á þig, vor ástundan ad elska þig og
óttast, og vor stærsta lucka ad lifa og
deya þér. Med hvílíku hugarfari
verda vors Guds miklu eginlegleikar
oss óuppausanleg huggunar og gledi
uppsprетta, en hinum ógudlegu skélfi=
legir. Þegar gjørvøll verøldin tit=
rar fyrir þínu almætti, mikli Gud!
gled eg mig af því, ad þú ert minn
styrkur; þegar sá ógudlegi skélfist þína
allstadar nálægd og alvitsku, þá gledur
þad mig, ad þú, Gud! ert mér nálæg=

ur, sjer og þeckir alla mín naud, veitst hvers eg vidþarf og á hverju mér liggur; þegar þeim ógudlega liggur vid orvýlnun af ótta og qvída, þegar hann minnist þíns hegnanda réttlætis, gled eg mig vid þad sama réttlæti, sem mér er ordid svo huggunarríkt vegna endurlausnar míns Jesú. Þessar dýrmætu hugganir munu útbreida blessun og nád yfir vórt gjørvalla líf, í øllum þess margføldu biltíngum og tilfellum, géfa oss sinnis rósemi, ánægju og glada von. O vor gódi Gud! vyrdstú ad efla og styrkja þessa von í vorum hjørtum med þínum góda Anda; æ! láttú oss eilíflega vona á þína nád; vyrdstú einkum ad styrkja von og trú hjá oss, þegar ad því kémur, ad vér skulum skilja vid þetta stundlega; géfi oss þá þinn Andi gledilega fullvissu um, ad vér séum þín børn, hverjum fyribúin sé eilíf vistarvera hjá þér, hvar vér lært fáum betur ad þeckja þig og elska eilíflega.

3. Hugvekja.

Lærid af mér, því eg er hógvær og af hjarta lítillátur. (Matth. 11).

Þegar sá réttkristni hugleidir, hversu

annt vorum guddómléga trúar-bragda Stiptara var um bad, ad fá innrættann sannann kjærleika manna á milli hér á jordu, má honum nærri hjarta gánga ad verda þess daglega var, hversu kjærleiksleysi almennt tek-ur yfirhønd í heiminum. Svo hann fái sér føstum haldid vid Jesú kjær-leiks bodord, ætti honum um eckért ad vera framar hugarhaldid og eckért ánægjusamara, enn ad minnast opt á og vyrda fyrir sér þá miklu manneísku, sem Jesús auglýsti á medan hann um-géckst hér á jordu; og um hvad ætti oss, sem berum kristid nafn, og lýsa egum med gjørvøllu framferdi voru, ad vér séum Krists sannir lærísvein-ar, annara vera, enn ad læra af hans dæmi, sem oss er settur til eptirbreytn-is, ad umgángast brædur vora med líkum kjærleika og Jesús. Sjáum hversu hans lærdómar, hans gjørvalla framferdi, hans umgengni, hans pína og daudi, var allt eintómur kjær-leiki, og þó ad vér hefdum ecki þau røk manneísku hans, ad hann offradi sínu lífi og lífs-lucku fyrir veraldarinnar velferd, mætti þó hans lærdómur sann-færa oss um hans kjærleiksfulla hjarta-

lag, það eginlega og verulega innihald allra hans boða, allra hans kénninga og daglega tals, eru alvarlegustu uppḣvatníngar til kjærleika, og allt oss fagurt eptirdæmi kjærleikans. O! hversu mildilega talaði hann til hinna syndugu! hversu vorkunarsamlega til hinna vesælu! hversu ástúdlegar voru hans áminníngar! hversu kroptugar og hughreystandi hans hugganir! en, þó hans tal og kénníngar væru yndælar og hrærandi, vóru þó enn aðdáanlegri hans athafnir, sem ajorvallar, hér á jorðunni, voru miskunarríkir velgjorníngar; enginn staðuk var svo fjarlægur, að hann ecki flytti sér þángað, þegar á hjálp hans lá; engin manneskja svo lítilmótleg, að hann ecki rétti henni sína hjálpar-hønd; engin eymd svo lítil, að hann ecki hrærdist til medaumkunar; enginn ørdugleiki, engin mæða, engin þjáníng var svo stór, að hann ecki legdi hana á sig, til þess að efla mannanna lucku og heillir med einhverju móti. O! hversu ástúdlegt mun ecki hans andlit hafa verid, þegar hann tók børnin sér í fáng, og blessadi þau! Hverr fær útmálað þá kjærleiksfullu

þolinmædi, med hverri hann sá í gégnum fíngur vid sinna vina breyskleika! þá vidqvæmu medlídun, er hann bar med sinna brædra naud! en hverr undrast þá minna yfir þeirri hógværd, sem hann audsýndi óvinum sínum, midt í því þeir ofsóktu hann eda misþyrmdu honum. En lotníng og undrun ega þó ecki ad vera þær einustu verkanir, sem Jesú dygdadæmi má vekja hjá oss; vér egum med því ad láta oss upphvetja til ad feta í Jesú fótspor, ad líkjast honum í voru gjörvalla framferdi. Hversu mörg tækifæri gefast oss ecki til þess í umgengni vid brædur vora sem allir hafa rétt til ad krefja vorn kjærleika. Vor mikilvægasta skylda er því: ad sýna í allri vorri umgengni, ad vér séum Lærisveinar þess himneska Mannelskara, hvers nafn vér berum; á oss egum vér ad láta þad augljóslega sjá, hversu Jesú lærdómur orkar ad mynda sanna mannelskara. En þú, gódi Jesú! vyrdstú ad uppfylla vor hjörtu sannri mannelsku! vyrdstú ad gjöra oss vidqvæma vid brædra vorra naud og styrkja oss til ad létta undir eymdir þeirra; hjálpadú oss til ætíd ad gjöra

gott, þegar tækifæri þar til gefast, án þess að þreytast vegna heimsins ó-þakklætis. Með hvílíkum þenkíngar-hætti fáum vér sjálfir gjört oss lífið yndælt; vér ávinnum oss ekki einúngis þar með það æru nafn, að heita mann-elskarar, heldur, hvað óendanlegq er meira verdt, að kallast þínir vinir, ó Jesú! og vera víssir um þinn kjær-leika, en þegar vér höfum þessa vissu, þá er og verdur vor lucka ómetanleg, bædi í þessu og hinu komanda lífi.

4. Hugvekja.

Það hefi eg fundið, að allt hvað Guð gjörir mann-eskjunni, er vel gjört. (Pred. 7).

Þessa játníngu má víssulega hverr einn af oss sérílagi gjöra um Guðs vegleiðslu þá, sem hann sjálfur varð var við í gégnum þetta líf; hvað allir himnar fortelja, hvað gjörvöll veröldin sannar, megum vér og játa, í tilliti til vors egin lífs; Guð hefir allt gjört vel við oss; hversu blygdunarfullur má nú að líkindum margur af oss verða, þegar vér samanberum játníngu þessa við margar umqvartanir vorar fyrr-meir, yfir stjórnun Guðs oss til handa; þegar Drottinn auðmýkti oss,

þegar hans vísa ráð sá það nytsam-
legt, að leiða oss í gégnum undar-
lega vegu, og að hylja um stund sitt
ándlit fyrir oss, hversu þúngsinna
og hugglausir urðum vér þá ecki?
hversu torveldt var oss þá að ná sann-
færingu um það: að allt hvað Guð
gjørði, væri vel gjört? en nú eptir á,
þegar Guðs huldu vegir eru orðnir
oss augljósari; nú, þá hrygðardagarn-
ir eru á enda, og Guð hefir á ný hugg-
að og gladt oss, nú megum vér með
jafnmikilli blygðun og sannfæríngu
játa: að Drottinn hafi allt gjørt vel
oss til handa; þessi egin reynsla
vors liðna lífs, kann að gjøra oss
vitra á komandi tímunum. Það er
ecki ólíklegt, að oss beri enn þá, á með-
an vér lifum, tilfelli þau að höndum
er veki, eins og áður, efasemd í vorri
sálu, um Guðs vísu og náðugu
stjórnum. Það kynni að mæta oss,
hvar um vér þenktum í hjarta voru
eins og áður, en hvað þá? get eg nú
og sagt um þessi tilfelli, sem mér mæta:
að Guð gjøri allt vel? enn þá býðst
oss tækifærið til að sýna vora stöð-
úga trú og vort óbifanlega trúnað-
ar-traust á Guði; þá á vors Guðs

undrunarverda vegleidsla á fyrri dögunum, ad minna oss á hans vísdóm og náð, og þá megum vér vissulega játa, midt undir þeim mæðusömustu mótlætingum, ad allteins med því, ad senda oss þær, gjörir hann vel vid oss. Omissanlegt er þad fyrir sinnis rósemi vora, ad þetta trúnadar-traust til Guds náðar, sem allt gjörir vel, örfist og vari hjá oss sífeldlega því betur og því öblugar, sem vér sannfærumst þar um framar, ad gjörvallur tilgángur Guds vid oss sé gódur og sáluhjálplegur, því rólegra verdur vort hjarta, og því lukkulegri og ánægdari vorir dagar hér á jördunni; vyrdstú því, gódi Fadir! sem vilt unna oss þessarar sönnu lukku, ad styrkja oss ætíd betur og betur í þessu trúnadar-trausti, en jafnframt ad dempa þá efasemd æ meir og meir um gæðsku þinnar stjórnunar, sem svo opt öllir hjarta voru órósemi; upplýstú vor augu, svo ad vér sjáum þinnar náðar dásemdarverk á oss, og gefdú oss þakklátt hjarta, svo vér gladir prísum þína náð, sem þú lætur oss í tjé dags daglega; láttú þad verda vora kjær-

ukku og dýrmætustu skyldu ad géfa þér í øllu dýrdina, og hjálpa þú oss til ad útbreida hana um heiminn; en einkum og allrahelzt, géf þú oss nád til ad dýrka þig med voru líferni, og ad votta med rádvøndu framferdi þann kjærleika, sem vér erum þér, vor Gud! skyldugir um. Þinni nádugu vegleidslu felum vér oss enn á ný, á vald; allt hvad þín Fodur forsjón lætur oss mæta, skal vera oss kjærkomid, á medan þú ecki lætur þína blessun og adstod frá oss víkja. Vér viljum leitast vid af øllu megni, ad æfa oss í þeirri ørdugu skyldu, allteins þá ad vona á þig, þegar þú hylur fyrir oss þitt andlit; allteins þá ad vidurkénna gædsku þinnar stjórnunar; þegar hún finnst oss ógédfeld; því æfdari sem vér verdum hér í, því luckusælla verdur vort líf.

5. Hugvekja.

Til þín var mér varpad frá módurlífi, þú varst minn Gud frá lífi minnar módur.

Enginn, sem þeckir Gud, og trúir því, ad hans forsjón stjórni øllum hlutum, mun fá því neitad, ad hann dags daglega njóti velgjørnínga hans;

en munu þá þeir allir, sem njóta þessara Guds velgjørnínga, vidurkénna þá med þakklátu hjarta? vyrdast oss þeir ecki gleymdir hjá fleirstum, jafnódum og menn verda þeirra adnjótandi? hvørt munu hinir oss þá í ferskara minni, sem vér þágum vid inngáng vorn í heiminn, vid byrjun lífs vors, þegar Guds velgjørníngar þó létu sig einna áþreifanlegast í ljósi. Þessir velgjørníngar Guds vid oss í kríngumstædum fædíngar vorrar og á barnsaldrinum, ættu ad vekja vorn eptirþénka á sérhvørjum degi vors lífs; á þá ætti oss ad minna sérhvørt úngt ómálga barn, sem oss kémur fyrir sjónir, þar vér sjá megum hvørsu hjálparþurfandi úngbarnid er, því miklu heldur, sem þeir eru til, er ad lokunum munu óska sér, aldrei ad hafa verid fæddir, en formæla sínum fædíngardegi, hvørra vesæla ástand vekja ætti hjá oss því heitara þakklæti til Guds, fyrir vora betri fædíngar heill. En, erum vér ecki of drambsamir og of ógætnir, til ad minnast þessara velgjørnínga, og prísa Gud fyrir þá? Engu gleymum vér fljótara enn þegnum velgjørníngum, ecki síst vors góda

Guds; varla minnumst vér þeirrar nádar, sem hann audsýndi oss í gjær; hvørsu miklu sídur mun oss þá reka minni til hinna, sem vér notid høfum fyrir 20 árum, eda máské laungu ádur. Engu ad sídur er þad þó einhvør mikilvægasta skylda vor, ad láta vorn huga hvarfla til barndóms ára vorra, og á þeim ad finna ótal merki Guds forsjónar, og vidurkénna hana med audmýkt og þakklæti; á hvørsu marga velgjørnínga Guds munu ekki þessi ár mega minna oss, ef vér géfum nákvæmar gætur ad, hvad oss á þeim mætt hefir! til fædíngar tíma vors rennum vér þá fyrst augunum: Ekki var þad hendíngu einni ad þakka, ad vér sáum fyrst dagsins ljós á þeim tíma þad skédi, og ekki á ødrum; hvørr af oss má ekki meta þad yfrid stóra lucku, ad vér ekki fæddumst á þeim tímum, þegar blindni og hjátrú drottnudu, nærfelldt yfir gjørvallann heiminn, heldur á þeim, þegar forsjón Guds lét skynseminnar og opinberíngarinnar ljós tendrad lýsa um vídar heimsins álfur? Ekki sídur høfum vér orsøk til ad íhuga og ad þakka Gudi þann fædíngarstad vér hlutum. Hversu óluckulega mættum

vér ecki halda ósS, hefdum ver fœddir verid á medal heidinna þjóda eda villumanna? en ad Gud hefir látid osS fœdast á þessu landi, á medal sidsamra manna, midt í kristninni, hvar allt hefir samelnad sig til nota og ánægju fyrir osS; hvílíka lucku megum vér ecki meta þad? og enn framar: þegar vér hugleidum, hvorsu undrunarlega Gud leiddi osS í gégnum vor barndóms-ár, hvorsu vidqvæmann kjærleika hann vakti og vidhéldt til vor, hjá foreldrum vorum og þeim, sem osS fóstrudu, sem ólu önn fyrir öllu því, er vér vidþurftum. En, hvorsu megum vér þá dádst ad vardveitslu Guds, sem verndadi osS, á þessum ómálga-árum, frá svo margföldum háskasemdum, sem voru únga lísi hefdi mátt granda, og héldt svo trúlega í hönd vors barndóms, ad vér ecki steyttum fót vorn á steini? Já, enn framar: gladt osS med mörgum saklausum úngdóms lystisemdum! Hvorsu mættum vér nú ecki álítast eptirþánkalausir, já, straffsverdir nú, þegar vér erum til vits og ára komnir, og höfum reynt þessa trúföstu vegleidslu vors Guds, og hvörsu hans forsjón hefir födurlega tekid sér af högum

vorrar barnæsku? já, hvørsu straffs-verdir, segi eg, ef ad vér hér eptir bera skyldum minnstu efasemd framvegis um vísdóm og gædsku hans vega? Nei! reynsla vorra fyrri daga skal hér eptir héna oss til uppvakníngar, til ad setja á komandi tímunum, øruggt trúnadar-traust til hans almáttugu verndar. Í øllum þeim tilfellum lífs-ins, sem oss mæta, viljum vér renna vorum huga aptur til vorra úngdóms-ára; og þegar mæda og mótlætíngar bera oss ad høndum, skal endurminn-íng Guds fødurlegu forsjónar og handleidslu, verndar og varatektar á æsku-árum vorum, styrkja hjá oss þad trúnadar-traust: ad sá Gud, sem reyndist oss svo trúfastur Fadir þeg-ar frá módurlífi, muni ecki yfirgefa oss á vorum eldri árum; hafi hann þá svo ástúdlega sorgad fyrir oss, þegar vér vórum svo veikir og hjálparþurf-andi, mun hann víssulega enn fyrir oss sorga, þad eptir er. Í þessari von høldum vér áfram vors lífs ved-hlaupi, med þeirri í qvøld endurnýudu bæn til þín, vor gódi Fadir! ad þú viljir framvegis láta þína nád, og blessun yfir oss hvíla; því til þín

var oss varpað frá móðurlífi, þú varst vor Guð frá móðurlífi, þú munt og vera vor Guð og vor sáluhjálp bæði í tíma og eilífð.

6. Hugvekja.

Af Guðs náð er eg það eg er. (1 Cor. 15).

Því lengur sem vér lifum, því betur sannfærumst vér um vanmegni vort; vér sjáum oss tíðum af háskasemdum umkríngða, sem vér með öllum vorum kroptum og aðburðum ekki fáum afstýrt; vér keppumst af öllu megni eptir að ná því, sem vér meintum ebla mundi lucku vora, en vanmáttur vor gjörði oss það ómögulegt; dags daglega komumst vér að raun um það, hvörsu lítið mannsképnan má sér, hvað lítið hún má stóla uppá sjálfa sig. Þegar oss gengur allt að óskum og ekkért blæs á móti, hugsum vér oss óhulta fyrir allskonar mæðu og mótlætíngum; vér meinum oss þá fría fyrir öllum breyngíngum, og gleðjum oss við það, að vor lucka muni eins varanleg, og vorar luckuóskir; en midt í því vér þannig gleðjum oss við lucku vora, sem vér álítum óraskanlega, er ógjæfan fyrir dyrunum, og vér,

sem heimskulega stóludum uppá luck-
unnar stöduglyndi erum, fyrr enn vér
afvísum, niðurhrapadir í eymdanna
afgrunn, hvadan vér, med allri vorri
orku, fengum oss enganveginn bjarg-
ad; svo lítils erum vér megnandi af
sjálfs dádum, med öllum vorum atburd-
um og ómaki, til ad svipta oss eymd-
um og ólucku, sem oss svo audveldlega
mæta kunna, en þó rádum vér enn síd-
ur fyri því, ad efla vora luck og gjöra
vora velferd stöduga; óteljanlega marg-
ar hindranir mæta, sem gjöra oss örd-
ugt, já, ómögulegt, ad ná því takmarki,
sem vér stefnum til, því þúsund tilfelli
gjöra ad engu vora ákofustu kapps-
muni. Þetta reynum vér nú dag-
lega, og þó erum vér svo einfaldir, ad
hugsa ad ná med eginn kröptum vor-
um þeirri heill, sem oss lángar svo
mjög eptir. Stundum vonum vér,
med skarpskygni vorri, ad fá útgrund-
ad Forsjónarinnar huldu vegu, ad sjá
lángt fram í ókomnar tídir, og finna
hentug medöl til lucku vorrar; stund-
um ætlum vér med mætti vorum,
metordum og ríkdómi, ad gjöra vora
jardnesku lucku varanlega; stundum
stólum vér uppá vina vorra adstod og

hjálp oss til lúckubóta; en lokſins, þegar vér høfdum allt þad reynt, ſem vér hugdum ad fengi eblt og ſtyrkt lucku vora, komumſt vér ad raun um: ad allt vort ſkarpſinni, allur vor máttur, allt vort ríkidæmi, allir vorir vina atburdir, vóru til forgéfins; eckert af þeſsu megnadi ad gjøra oss luckuſæla, og hvad tøkum vér þá til bragds? vér veinum ſkjótt og kløgum yfir vorum óblídu luckukjørum, í þess ſtad, ad vér ættum ad klaga yfir ſjálfum oss, og gjøra oss bríxlyrdi fyrir heimſku vora og vantrú. O! látum oss því ecki lengur qvelja oss ſjálfa med þvílíkri fávíslegri áhyggju og óróſemi, heldur taka fyrir oss þann áſetníng, hér eptir ad ſlá frá oss øllum harmatolum, en ſetja þarámóti øruggt trúnadar-trauſt til vors góda Guds, og vænta af honum einum allrar lucku og bleſsunar! ſú von mun oss aldrei á tálar draga; í øllum kríngumſtædum, í øllum umbiltíngum munum vér þad hjá honum finna, ſem vér ádur forgéfins leitad høfdum eptir, bædi hjá ſjálfum oss og gjørvallri verøldinni. Hédanaf ſkulum vér því fela oss hér á vald, vor alvíſi, nádugi Skapari! því framar,

sem vér reynum vorn vanmátt, því trúaröruggari viljum vér reida oss uppá þitt almætti; því optar vér verdum varir vid heimsins kjærleiksleysi, því huggunarríkari skal oss verda þín nád; því betur sem vér lærum ad þeckja vorrar skynsemis veikleika, því öruggari viljum vér treysta þínum óendanlega visdómi. Hvílíka fridun, hvílíka rósemi munum vér þá ecki finna midt í öllum luckunnar umbiltíngum? hvörsu ánægjuríka huggun munum vér þá ecki smacka í velgengni, og svölun í mótlæti? med þacklátu hrærdu hjarta munum vér þá prísa þitt nafn, og vídfrægja þína velgjörnínga, Drottinn vor Gud! vort trúnadartraust og vor styrkleiki!

7. Hugvekja.

Kristur hefir oss eptirdæmi gefid til þess, vér skyldum feta í hans fótspor. (1 Pét. 2.)

Af sérhvörjum degi, sem vér lifum, ber oss vandlega ad yfirvega, hvörsu margföld sú skylda er, sem oss liggur á herdum, medan vér lifum á jördunni; þessa fáum vér aldrei betur gjætt, enn ef vér hugleidum, ad vér erum kristnir, og berum hans nafn, hvörs dæmi á

að vera vor regla til eptirbreytíngar, hvorri vér kappkosta egum að fylgja í öllum lífsins tilfellum, og í sérhvörju lífs ástandi og kríngumstæðum. Þegar vér gætum þess, hvörsu Jesús, sem vér hofum þjónustu svarið, er upphafinn yfir alla dauðlega, að fyrir honum skulu sig beygja öll kné á himni og jörðu, má það ecki lítið auka ástundun vora og kappsmuni eptir að fullnægja skyldu vorri, hvörnig sem ástanda kynni, og hvörsu örðugt sem oss mætti falla það. Hugleiddu því, maður! að þú ert kristinn, og láttu þér það, í daglegum fyritækjum, aldrei úr minni líða. Engin athöfn þín, enginn lífernisháttur fái nockurntíma útrýmt úr huga þínum þessari umþenkíngu. Yfirvega þú þá lucku, hvörrar þú nýtur, að þjóna þeim Herra, sem bæði í þessu og hinu komanda lífi, vill umbuna þér sérhvað, sem þú gjörir af elsku til hans og hlýðni við hans boðorð, og það með því yfirgnæfanlegri verðlaunum, sem hlýðni þín kostar þig örðugri afneitun þíns eginn vilja. Hugleiddu hvað Jesús hefir gjört fyrir þig til þess, að þú yrðir hluttakandi þeirrar æru, að

vera hans elskulegur þjón. Láttu þær píslir, sem Jesús leid til ad gjöra þig hólpinn, þér aldrei úr minni lída, aldrei þá trú og kjærleika réna, med hvørjum þú átt ad elska hann. Þú ert kristinn, þú átt því ad breyta eptir Lausnara þínum í því, ad gjöra allt hvad þér er mögulegt, til lucku og heilla medbrædra þinna, eins og hann, sem offradi sér sjálfum þeim til góds; vertú því ástundunarsamur og ydinn í þínu kalli, en hugleidtú ætíd, ad öll lucka og blessan erfidis þíns, kémur frá honum, sem gaf þér lyst og krapta til erfidis. Þú ert kristinn, hugsadú til þess, þegar syndin ætlar ad locka þig; þegar skíngjædi nockur ætla ad ginna þína sansa og tilhnegíngar til ad brjóta Guds bodord, minnstú þá þess, hvörsu dýrt Jesús hefir þig keyptann, og hvílik skylda á þér hvílir, ad lifa og deya þínum Endurlausnara. Lát þú aldrei Guds þíns allstadar nálægd hvarfla þér úr hjarta; samanjafnadú veraldarinnar fáfengilega glansa, sem er hégómleg dýrd, vid þín varanlegu gædi, sem himininn hefir þér geymd, og þegar þú sjer jardneskann óstödug-

leika og fánytju, þá vel þér heldur þá varanlegu og dýrmætu heill, sem trúlyndi þínu og dygd er á himnum geymd. Sem kristinn madur veitstu, ad þú ert áqvardadur, ecki ad eins fyrir þetta, heldur miklu framar hid komanda líf; gjættu því þessa sífeldt og hugleid, hvørt meira beri ad meta. Í øllum mótdrægum tilfellum, sem mæta þér, minnstu þess, ad þú ert kristinn; vertu því hugstyrkur, og vanvyrd þú ecki nafn þitt med møgli og óánægju, því kristinndómurinn heitir þér þeirri dýrmætustu umbun og gledirícustu endaloka allra þinna sorgardaga. En einkum og allrahelzt vid adkomu daudans minnstu þess, ad þú ert kristinn, sé þér þá til þess ræna og ró leyfd í þinni helsótt; hafir þú ádur í þínu lífi tamid þér kristilegt hugarfar og framferdi, máttu, þegar þessi sídasti máttugi óvinur nálgast þig, óskelfdur og rór taka honum, og segja, í krapti trúar þinnar: Daudi! eg óttast eigi, abl þitt né valdid gyldt! eg er kristinn, og dey ecki, heldur sofna, svo ad eg uppvaknadur lifi sæll um eilífd.

8, Hug.

8. Hugvekja.

Látid ydar ljós lýsa svo fyrir mønnum, ad þeir sjai ydar gódverk, og dýrki Fødur ydar á himnum.

Sérhvørr dagurinn, sem vér lifum, krefur af oss, vandlega ad geyma vissar skyldur, sem eptir ásigkomulagi og kríngumstædum þeim, sem vér lifum í, eru ysrid margfaldar. Á hvørjum degi egum vér ad hafa skyldur þessar oss fyrir augum, ef vér ecki gleyma viljum hvar til vér erum skapadir, og til hvørs vér egum ad lifa. Í ydjuleysi egum vér víst ecki ad eyda vorum døgum; sífeldt egum vér kappkosta, ad gjøra nockud gott, og láta oss annt um, svo framt oss er møgulegt, ad útrýma løstum en útbreida dygdir, og gjøra allt þad gott, sem vér megnum í verøldinni; hús þad, í hvørju vér búum, manneskjur þær, er vér daglega umgaungumst, er vor verøld, sem oss er vidkomandi, og þær eigum vér ad leitast vid ad betra og bæta. Vér egum á sídan reikníng ad standa fyrir þad, hvørsu mikid eda lítid vér gjørt høfum, til ad vidhalda sonnum Guds ótta hjá þeim, sem eru oss áhángandi, ellegar ad minnsta kosti, komid í veg

fyrir drottnandi lesti hjá þeim. Á þögum vorum og ásigkomulagi má standa hvørninn sem vill, oss er þó ætíd mögulegt ad stydla til nockurs góds, og hindra nockud íllt; vér umgaungumst mannesskjur, vér egum víni, margföld tækifæri gétum vér fengid hjá þessum og vid þá, ad verda nockurs góds ollandi, og ad fá þá betrada; á medal margra ónytju orda, má opt eitt einasta lagfæríngar og frædandi ord færa ávøxt. Þegar vér minnumst þess, ad Gud og samvitskán er oss meira verdt enn allt annad; þegar mannelskan er ordin oss ad vana-bygd, þá verdur oss ætíd audunnid ad stydla til nockurs góds, hvad lítid sem þad vyrdast má. En byrja megum vér jafnan á því fyrst, ad ástunda vora egin betrun; minn breiskleiki er mér ætíd nálægastur, og þegar mér er fyrst af alvøru ordid um þad ad gjøra, ad betra mína egin sálu, þá mun eg einnig gjøra mér alvarlegt ómak fyrir minna medbrædra heillum; já, þegar þvílíkt hugarfar er drottnandi ordid í sálu vorri, hvørsu mun þad þá særa oss, ad sjá hina lastafullu sækjast viljandi eptir egin ógjæfu

Þeirra? hvílíku ómaki, bænum og yfirtölum munum vér ecki verja til að frelsa þeirra sálu? Að framgánga í heiminum með þessu ráðvanda hugarfari, einsetjum vér oss nú á þessari qvöldstundu; eins og sannarleg Guðs börn viljum vér lifa, hvörsu gálausir og andvaralausir sem þeir eru, er vér lifum á meðal. Guð biðjum vér að varðveita oss frá, að gefa öðrum dæmi af oss til óguðlegs framferðis, heldur styrkja oss til að ástunda, bæði með líferni voru og uppbyggilegum aðvörunum, að efla ráðvendni og Guðs ótta ætíð meir og meir, og þó að oss skyldi hér til vanta tækifæri, viljum vér þó með egin dæmi og framferði voru, leitast við að verða sem flestum til uppbyggíngar. Uppfyll þú, ó vor Jesú! þessa vora laungun! þú, mikli Mannelskari! erfiðaðir óþreytanlega til allra manna velferðar; allt gjörðir þú til þess, að draga til þín syndarana; þú úthelltir tárum út af Jerúsalems spillíngu. Gef þú oss náð til að líkjast þér í þessu meðaumkunarsama hjartalagi, og afneita eginn vilja og ávinníngi, fyrir vorra bræðra heillum. Hvörsu guðdómleg-

rar gledi má þad ecki ablá oss, þó vér gætum ecki áunnid nema einn syndara, sem vér fengjum til ydrunar leiddann! þó vér gætum ecki gjørt gott nema einum vesælum þurfandi! Géf þú oss nád til ad smacka þessa himnesku gledi, sem auka mun á sídan vorrar eilífdar sælu.

9. Hugvekja.

Þackid þér Drottni, þvíad hann er gódur, og hans miskunsemi varir eilíflega.

Ad gjørvøll jørdin sé full af Guds gædsku, þad má af egin reynslu sérhvørr af oss játa. Andinn, sem vér drøgum, ljósid, sem lýsir oss, eldurinn, sem vermir oss, jardarinnar ávextir, sem fæda oss, vatnid, sem endurnærir oss, dýrin, sem þéna oss bædi til næríngar og þarfa, allt þetta eru hlutir, sem vér játa megum, ad beri vitni um Guds miklu gædsku, sem vér njótum á hvørjum degi; og þó eckért væri annad ad finna á jørdunni enn þad eina, sem vér vidþyrftum til naudsynlegasta viduhalds lífi voru, mætti þó af því einu, mega ánægjanlega þeckja gædsku vors Guds; en þessir hans jardnesku velgjørníngar

eru ecki vid þetta eitt takmarkadir, því hann hefir engu sídur alid ønnfyrir ánægju vorri, enn vorum naudsynjum. Lífinu hefdum vér fengid vidhaldid, þó vér hefdum ecki haft til næríngar-nema einstaka og einfalda fædu, en hvad margskyns mat og dryck hefir Gud ecki gefid oss? hann upplýkur fyrir oss øllum náttúrunnar fordabúrum, til ad gjøra oss glada og ánægda; ecki einúngis útbýr hann náttúruna ríkuglega og til þægilegheita fyrir vorn smeck, heldur og til ad gledja med øll vor skilníngar-vit. Á sumardaginn gefur náttúran oss yndæla sjón í grænum og blómlegum grasmørkum, og prýdilegustu blómstrum, er ecki einúngis skémta auganú med margføldum litum, heldur útbreida þar hjá sætann ylm; eyrad gledur fuglanna saungur, sem fyllir loptid med inntakandi tónum; gjørvøll náttúran sýnist ad keppast vid ad géfa oss forsorgun, endurnæríngar og lystisemdir; øll jordin er full af Guds gædsku. O Drottinn! fyrirgéf þú oss vorn breiskleika! hjartanlega óskum vér ad géta verduglega prísad þig fyrir þína velgjørnínga; en vort mál-

færi er offstyrdt, til ad fá útmálad hvørsu nádugur, ástúdlegur og góðgjarn þú ert; því midur, sem vér finnum oss því vaxna, ad útmála og med ordum ad inna þér þá lofgjörd, sem þú átt af oss skylda, því umhyggjusamlegar viljum vér leita allra tækifæra til ad sýna þad í framferdi voru, ad þú ert sá, eptir hvørs vilja vér viljum haga oss í øllu, og med þeirri ástundun vogum vér ad vænta oss, med sérhverjum degi, sem vér lifum, nýrra velgjørnínga af þinni Fødurhendi. Hjartkjæri Fadir! med glødu, þacklátu hjarta vidurkénnum vér þína óverdskuldudu nád; þessi vidurkénníng skal framvegis stjórna athøfnum vorum; vyrdstu ad styrkja hjá oss elskuna til þín, sem er grundvøllur gjørvallrar sinnisróssemi vorrar. Hvad fengi afsákad vort óþacklæti, ef vér endurgyldum þinn kjærleika med ódygd eda óhlýdni? hvørnig mættum vér vænta þess, ad þín miskun samt mundi áfram halda, ad audsýna oss svo mikid gott, ef vér létum hana ecki upphvetja oss til ástundunar ad þóknast og þjóna þér? Allt hvad vér dags daglega reynum og sjáum; þínir vel-

gjörníngar, sem vér orlátlega byggjum; náttúrunnar oss hagqvæma niðurskipan og orlátu gáfur, allt þetta, með ótal fleiru, skuldbindur oss til að elska þig, Skaparann alls, fram yfir allt. Þín föðurlega stjórnan og ráðstafan á högum vorum, sannfærir oss um þinn náqvæma föðurkjærleika, sem vér að lokunum munum kannast við, að leiddi oss eptir sínu vísdóms ráði, og loksins til eilífrar æru.

10. Hugvekja.

Vor borgarréttur er á himnum, hvaðan vér væntum Frelsarans Jesú Krists.

Yfrið margt er það, sem vekja má hjá oss minni þess, að vér séum útlendir og Pílagrímar hér á jörðu. Á hvörn hátt sem vér skoðum ásigkomulag vort, megum vér játa: að vér erum hér í heimi vegfarendur, sem egum hér engann blífanlegann samastað. Líkhami vor, þetta veika og hrörlega hreysi, sem hjá þeim sterkustu ecki fær stadist eða haldist við, nema um nockur ár, minnir oss á, að lokfins, eptir þau fáu ár umliðin, hrynur þetta af elli, hafi ecki eitthvört tilfelli áður kollvarpað því. Þessi hrör-

legibústadur salar vorrar, er óneitanleg røksemd þess, ad vér erum hér útlendíngar, og egum hér ecki blífanlegann samastad. Sálu vorri er þannig varid, ad hún minnir oss á þennann sannleika; sjálf verdur hún vid eckért af þessu jardneska róleg til lengdar, eda ánægd og fridud þegar hún er óróleg; því øllu þessu jardneska er svo varid, ad þad er fallvalt og forgengilegt. Þessa heims æra og metord reynast oss opt fánýt og vøllt; vellystir, hvørra vér njótum, jafnast ecki vid leidindi þau og óróssemi, sem þeim alloptast fylgir á eptir, og þó eykst hér á, ad þad veldur mikillar mædu, erfidis og óróssemis, ad ødlast þessi jardnesku gædi, og enn þá meiri ad fá þeim haldid. Standi nú svo á høgum vorum hér á jørdinni, hvørsu mjøg breyttum vér þá gégn vorri ágvørdun, ef vér lifdum eins og þessi heimur vera ætti vor ævarandi samastadur? ad vera þar um sannfærdur, ad þetta líf er Pílagrímsstand, og samt ad képpast framar øllu eptir vellyst og munadi; samt ad gleyma vorum eilísa ágvørdunar-stad; samt ad gésa oss alla vid þessa lífs gædum, strídir allt hvad á

móti ødru. Fyrst vér nú þeckjum oss ad vera hér útlendínga og Pílagríma, ber oss ad temja oss allt annad hugarfar; þó oss sé leyfilegt, med réttu, ad eignast, eda ega sérhvør jardnesk gædi, ber oss ad ega þau, eins og vér ættum þau ecki; svo laust á vort hjarta vid þau ad vera; vér megum brúka tímanleg gædi, án þess ad láta þau táldraga oss til heimsins lasta, hvørjir aldrei mega flecka þann kristna, sem væntir sér sællrar vistarveru á himnum. Því lengur sem ver lifum, því fleiri lífsins dagreisur, sem sá alvaldi lífsins Herra leyfir oss ad enda, því hugfastari sé oss þánki sá: ad um skammt sé vort æfiskeid runnid, og því framar egum vér ad láta oss í léttu rúmi liggja allt stundlegt, sem oss mætir á vorri vegferd í lífinu. Æ! vyrdstú eilífi Fadir og Gud! ad vekja og vidhalda hjá oss þessari íhugun! af skilníngarvitanna tillockunum og vellystínganna fánýtu gledi, gleymum vér allt of opt, ad vér erum hér Pílagrímar, nema þinn Andi upphvetji oss til ad gjæta þessa, og til ad láta þá adgjætslu gjøra oss varhygdarsama í voru gjørvalla framferdi. Leid þú því þánka vora frá þessu

útlegdarlandi, gégnum hvørt leid vor nú liggur, til þeſs oſs fyrirbúna lands, ſem vér képpumſt ad ná, og láttú í-hugun þeirrar dýrdar, ſem þú unntir oſs ad þeckja þar oſs ætlada, gjøra oſs óþreytanlega, hvada ørdugleiki, ſem oſs mæta kann hér, á leidinni þáng-ad; þar munum vér á ſídan, eptir af-ſtadna mædu vorrar Pílagríms ferd-ar, njóta endurnærandi róſemdar og hvíldar, og ríkugiegra umbuna fyrir alla mædu, erfidi og þjáníngar vors lífs, ſem vér farſællega yfirunnum.

II. Hugvekja.

Þegar eg hefi þig ad eins, þá hyrdi eg hverki um himin. né jørd; þó líf mitt og ſál vanmegniſt þá ertú þó, Drottinn! mitt hjartans trauſt og hlutſkipti.

Ef ad vér finndum oſs þannig ſinnada, og þegar þetta trúnadar-trauſt væri vel grundvallad í ſálu vorri, hvørſu ró-legir mættum vér þá ecki leggjaſt til hvíldar á hvørju qvøldi? hvørſu ánægd-ir med ſérhvør tilfelli, ſem ad høndum bera, og óqvídnari fyrir því, ſem óviſs komandi tíd lætur oſs mæta? En, hvørſu opt vekſt ecki vantrú og óánægja hjá oſs, yfir Guds vegleidſlu, þegar oſs finnſt hún ecki ſamſvara vorum óſkum? hvørſu

opt møglum vér ecki í voru hjarta gégn Gudi, sem leidir oss þó med svo miklum vísdómi og gædsku? Máské, ef vér ýtarlega ransøkum vort egid hjarta á þessu qvøldi, ad vér margir finndum þad fullt af vantrú og óánægju; máské yfir því óánægt, ad vér egum vid einhvørn bágann kost ad búa, ellegar áhyggjufullt vegna þess, ad vér ecki hreppt faum eitthvad þad, er vér álítum sem luckuog ómissandi fyrir rósemi vora. En, minnst þú þess samt, kristni madur! sem finnur til þvílíkrar óánægju og módleysu þinnar sálar, ad þú syndgar med møgli þínu og vantrú á móti Gudi; hann er og verdur vís og nádugur Gud, hvørsu mjøg sem þú møglar; máské þú stynja megir undir einhvørju mótlæti, og sért þess vegna óánægdur? en, yfirvega þú þitt umlidna líf, og þá mørgu velgjørnínga, er Gud hefir látid þér í té; hvørsu margar þjáníngar þú ádur hefir, fyrir hans krapt, fengid afstadid, margar freistíngar sigrad; hvørsu margra gledidaga hann hefir unnt þér, já, lángtum fleiri enn þá fáu sorgardaga í øllu þínu lífi; og því skyldir þú þá ecki þolinmódlega taka skammvinnri mædu? Sérhvørt ásigkomulag lífsins, hefir sér sam-

fara nockurn ørdugleika og óróſemi; met þú þig ſælann, ad þú ert einn medal annara í veröldinni, ſem forſjón Guds ber umhyggju fyrir. Þér ber og ad vidfrægja Guds dýrd, og vidurkénna: ad ſérhvørt tilfelli ſem þer mætir, lýsir hans hátign, forſjón og gædſku. Gjør þú því ecki ad engu hans víſa tilgáng vid þig med óþarfa umqvørtun, heldur Dýrkadú hann ſem ber, med ſtadføſtu trúnadar-trauſti til hans forſjónar; géfdú þig fús honum á vald til allra umráda; adgættú, hvørninn þér mundi vegna ef Gud ecki elur fyrir þér ønn; hvadan mundir þú þá ødlaſt fædi og forſorgun á hvørjum degi? hvørr mundi vardveita þig fyrir øllum ſlisførum, fyrir øllum háſkaſemdum, ſem umkringja þig? þackadú Gudi og gled þig vid þad, ad þú reynir hans gædſku, ſem elſkuríks Fødurs, er fædir þig og klædir, og þér til góds ſtjórnar øllum þínum lífskjørum. Í ſtødugu trúnadar-trauſti til Guds, máttú því á qvøldi þeſſu til hvíldar gánga, og vakna rólegur til ad framhalda þínu lífsſkeidi undir hans varatekt. Satt er þad, ad ecki veitſt þú hvad á næſta degi muni þér mæta, en príſa þú þig þeim mun ſælli,

ad þú veitst þad ecki; láttu þér nægja, ad vís og nærgætinn Fadir þinn á himnum, best veit hvad þér hagar, og þessvegna kanntu med vissu þins besta ad vænta frá hans hendi; og þó ad þú ættir nú ad búast vid einhvørju mótlæti, því skyldi þad gánga þér til hjarta? gættu þess, ad Gud, sem sendir þér þad, sendir þér einnig styrk og huggun þegar þér áliggur; en, því væntir og óskar þú þér stødugrar luckn hér, hvar þú veitst allt ad vera óstødugt í þessari verøldu, og mátt þar hjá vita, ad þú ert ecki fær um hér ad bera støduga lucku? Vertu því med rósømu gédi hér, þad litla, sem eptir er æfinnar, uns þú verdur fluttur til annars og betra lífs; þar munu allar skynsamar óskir þínar uppfyllast, þín gledi stødug og ómeingud verda, og þar þín heill eilíf og fullkomin.

12. Hugvekja.

Vér skulum brúka svo heiminn, ad vér ecki vanbrúkum hann.

Sérhvørjum, sem annt er um ad lifa eins og réttkristnum ber, er yfrid naudsynlegt, daglega ad gæta þess: til hvers Gud hefir gefid honum lífid, og læra af þeirri adgætslu, ad setja óskum

sínum og laungun eptir því jarðneska, ríss takmörk, en þarámót fela sig og öll sín efni á vald og stjórnun Guðs alvísu forsjónar. Hugleiddu því, maður! sem kristinn villt heita: að þóað Guð unnti þér sem lengstra lífdaga, áttu samt enn framar að lengja þá, með brúkun þeirra til góðs, og læra, að minusta kosti, að lifa, áður enn þú deyr. Vor sanna lucka er ecki kómin undir því, að vér lifum lengi, heldur hinu, hvörninn vér lifum. Láttu því aldrei þann þánka villa þig: að metorð, ættgöfgi eða auðlegð fái þér varanlega heill eða ánægju veitt; því sú ímindaða heill hvílir á fallvöltum og fánýtum grundvelli, og er bygð á hégómlegum og forgengilegum hlutum en ecki dygð. Sanna heill má finna í hvörju helzt standi sem vér lifum, svo að sérhvörr megi ánægður lifa, hvörr uppá sinn máta; og þó leita fáir lucku sinnar með réttri aðferð, þó allir óski sér að verða luckusælir. Varastu því nágvæmlega þeirra bresti, sem sífellt óska sér ofmikils eða oflítils; væntu þér aldrei ofmikils, og ödlist þú ecki það litla, sem þú væntir þér, áttu fyrir það aldrei að örvýlnast. Varastu ydjuleysi og undandrátt þess, sem skylda þín býður þér

strax ad framqvæma; gefdu náqvæmar gætur ad øllum þínum fyrirtækjum, egi lífid ecki ad verda þér eins og draumur, hverfa þér og lída burt í fánýtum ímindudum lystisemdum. Astunda þú því í tíma, ad læra ad lifa, og á medan þér lídur øllu vel, ad vera ánægdur, þó ad þig eitthvad bresti; neita þú því á stundum jafnvel leyfilegra lystisemda. Sértu reidigjarn, þá varast þú ad láta skapløst þenna fá yfirhønd; því reidi kann á einu augnabliki ad olla þér meiri skada, enn þú fær þér bættann á heilu ári, eda máske alla æfi; hún svyptir þig þar hjá sinnisrósemi, því gledi, ró og ánægja fær ecki búid nema í hógværu og fridsømu hjarta. Vor gledi hér á jørdu er aldrei nema skammvinn og blønduð sorg; forgéfins er því ad leita hér stødugrar farsældar. Láttu þér lynda, þó ecki hreppir þú allt þad, er þú metur sem lucku, og þess vegna æskir þér, sértu ad eins ecki ólánsmadur, en verdir þú þad, ellegar kallir þig svo, þegar þér ber mótlæti ad høndum, þá adgættu, hvørjar þínar þjáníngar eru, og ber saman þad sem þú lídur, vid þad, sem margir adrir medbrædur þínir mega bágt umbera; álíkt og biflugur sjúga hunáng af

blómstrum, skalt þú leitast vid ad færa þér allt í nyt; jafnvel þad lítilfjörlegasta má þanninn verda þér ad gagni. Lærdú ad höndla þá lucku, sem fáir vita ad meta rétt, og færri því æfa rétt, ad gjøra ødrum gott, med náqvæmri yfirvegun og skynsemi; keppstú vid ad líkjast í því Gudi, og láttú þér annt um ad gjøra medbrædur þína farsæla, ad því leiti þér er møgulegt. Minnstú þess: ad tíminn lídur skjótt, og því sífellt þeirra heilræda: ad endurkaupa tídina, og brúka hana vel, án forsómunar; þó þá verdi líf þitt stutt, verdur þad samt loflegt, ef þú vid þitt endadægur og á daudastundinni fær med fullri sannfæríngu sagt: eg hefi lifad mínum Gudi og medbrædrum, og á sérhvørjum degi míns umlidna lífs stundad ad gjøra nockud gott, og þar med viljad hafa í minni mína áqvørdun.

13. Hugvekja.

Lítid upp, og uppljúkid ydar høfud, af því ydar endurlausn tekur ad nálægjast. (Lúk. 21.)

Einhvør vor sérlegasta skylda á medan vér lifum, er, ad læra ad þeckja hann himin, í hvørjum ver óskum oss á sídan ed ná vistarveru; en þad er líka vor

skylda, ad læra ad þeckja heiminn, sem vér lifum í, og þær háskasemdir, sem oss í heiminum umkríngja. Þecking þessi á himninum og heiminum, er fortakslaust ómissanleg til vorra heilla; því ef vér ecki þeckjum himininn, hvörnig á oss þá til hans ad lánga? ef vér þeckjum ecki heiminn, hvörnig egum ver þá, ad fá umflúid þær háskasemdir, sem óttast er, ad gjöri oss hvört augnablik ófarsæla? Himininn og heiminn, ðg hvörs ásigkomulag fyrir sig, egum ver því í voru gjörvöllu lífi, sífellt ad hafa fyrir augum; vér megum notá oss gædiþessa heims, án þess ad gleyma himninum; en fásinna og fáfrædi vort hindra oss ósjaldan þar frá; vér þeckjum hvörki himininn né heiminn svo vel, sem oss ber; vér festum vor hjörtu svo mjög vid þetta forgengilega jardneska, sem vér sjáum og oss gledur, ad vér gleymum ad þenkja til himinsins, eda vekja hjá oss laungun eptir honum og því eptirkomandi, sem oss er fjarlægara og vér sjáum ecki. Látum oss því einusinni yfirvega þá jörd, sem vér byggjum, og þann himin, í hvörn vér óskum oss ad lokum inngaungu; samanberum þad illa, sem vér þeckjum í þessari veröldu, vid

þá sælu, sem oss er opinberað að himininn hafi oss um eilífð tilreidda; víst mættum vér, við þann samjöfnuð, sannfærast um það, að þessi heimur er oss sem ekkert, en himininn sem allt, og því kappsamari verða að taka framförum í þeim dygðum hér á jörðunni, sem gjöra oss á síðan hæfilega til himinsins vistarveru. Hvörsu ástundunarsamir mættum vér ekki verða í æfingu sannra kjærleiks verka, ef vér settum oss fyrir sjónir þann kjærleika, sem þeir sælu útvöldu á síðan bera munu hvörr til annars? hvörsu fúsir til að stunda af fremstu kroptum, að fullnægja Guðs vilja, ef vér íhugum hvernig himinsins útvöldu innbyggjarar meta það farsæld, að fullnægja Guðs boðum? Hvörsu umhyggjusamlega mættum vér ekki varast alla tvídrægni og fjandskap, ef vér minnumst friðar og einíngar þeirrar, sem drottnar á meðal þeirra fullkomnari himin-búa? Hvörsu fúsir mundum vér ekki taka sérhvörri lífsins mæðu, mótlæti og orðugleika, ef vér opt hugsuðum til þeirra umbuna, sem oss eru vís á himnum, þegar vér hér höfum góðu stríði barist, varðveitt trú og góða samvitsku? Vér viljum því á

þessum qvøldtíma, snúa gjørvøllum hugskum vorum til þeirra himnesku heimkynna, hvørra íbúendur vér á sídan verda munum, og venja oss til ad losa vort hjarta vid heimsins forgengilega hégóma, en æ betur og betur leitast vid, ad ødlast forsmeck himneskrar sælu, sem géfast má hér á jørdu, og sem einn má hér gjørá oss lífid yndælt. Ydugléga skulum vér samanbera himininn vid heiminn, þessa lífs fallvøltu og fánýtu gledi, vid eilífdarinnar endalausa og sanna føgnud, og þá mun þessi samjøfnun vissulega leida oss úr øllum skugga um þad, hvørt vér egum heldur og framar ad meta.

14. Hugvekja.

Øll veroldin er full af Guds gædsku.

Gjørvøll verøldin má heita sem skodunar-pláts, fullt ótal votta um Guds gædsku og gódgyrni. Engin skøpud sképna er útilokud frá hlutdeild í hans forsjón sem ecki vitni um hans nád; allstadar finnum vér Gud, eins í óbygdum eydimørkum og blómgudum grasmørkum; allstadar bædi á himni og á jørdu, megum vér þeckja merki hans kjær-

leika, og ad í þessari góðgyrni Guds, sem fyllir alla jørdina, tøkum vér manneskjur mesta hlutdeild. Þegar eg med þess- um hugleidíngum skoda náttúruna, hvørsu mikils má eg þá ecki meta sjálf- ann mig, sem Skaparinn hefir varid svo miklu meiru til? ánægja og þack- læti vid þenna ørláta Gjafara allra gódra hluta, gagntekur þá alla sálu mína. Allt hvad skapad er, og sérhvørr partur þess, kénnir oss ad þeckja vorn Skapara, og uppþvetur til ad dýrka hann verduglega. Til þess lifum vér, og til þess er øll jørdin full af óteljan- legum fjølda skapadra sképna, ad vér af þeirra skøpun og forsorgun, lær- um ad þeckja og prísa Skaparann og leita hans dyrdar; ver lærum af þeirra skodun ad þeckja hans takmarkalausu fullkomlegleika, og finnum þarvid til- efni nóg, til ad dádst ad þeim, og til ad vídfrægja hans dýrd. Eckért lífsins augnablik lídur hjá, sem ecki hvetji oss til þessa; því allt vort líf er sem sam- anhleckjud kédja af velgjørdum Guds; án hans nádarverkana fengjum vér ecki lifad heilir heilsu eda ánægdir eina stund. Því ber, ad þánkar vorir, hjarta og túnga séu æ full med hans lofgjørd; en

vér megum blygdast, ad vér gætum svó lítid þessarar skyldu! vér med-tökum þá dýrmætustu velgjörnínga, af vors Skapara mildu Födurhendi, án þess ad minnast hans; vér heyrum gjörvallann náttúrunnar lofsaung; vér sjáum ánægju alls þess, sem skapad er; vér sjáum jardarinnar blómgun, en rennum ecki þánkanum til hans, sem gjordi allt þetta svo dásamlega. O! hvörsu megum vér ecki blygdast, ad ecki ein einasta skopud sképna Guds þegir, heldur vegsamar hvör og ein sinn Skapara; himnarnir framtelja hans dýrd, og sú útbreidda himin-fest-íng verkin hans handa; einn dagur-inn segir þad ödrum, og hvör nóttin kunngjörir þad annari, en vér þegjum og látum oss ecként finnast til alls þessa. Æ! mín sála! láttu þig aldrei finna í vanþacklátra og tilfinníngarlausra tölu; sýng þú hans lofgjörd sem svo er dýrdlegur í öllum sínum verkum. Já, eg vil þitt lof vídfrægja, minn Konúngur! og æfinlega prísa þitt nafn! þú Drottinn! ert mikill og lof-legur, óútmálanlegur er þinn mikilleiki, eg vil vídfrægja þín dásemdarverk, prísa vil eg þitt nafn og mikla þína

stóru gædsku! þú hylur himininn med skýum, og gefur regn á jørdina; þú gjørdir tunglid, til ad skipta eptir því árstídum; þú gjørdir myrkrid, svo ad nótt verdi. Ó! hvørsu mørg og mikil eru þín verk, Drottinn! ølln hefir þú vísdómslega nidurradad; øll jørdin er full af þinni gjædsku; allar lifandi skepnur vona uppá þig, ad þú gefir þeim þeirra fædu í hæfilegann tíma; þegar þú gefur þeim, samansafna þær; þegar þú upplýkur þinni hendi, verda þær mettadar med gædum. Drottinn! þín dýrd varir eilíflega! þú hefir velþóknun á verkum þinna handa; sýngja vil eg Drottni lof á medan eg lifi, og þacka mínum Gudi medan eg er til. Til hvílíkrar lofgjørdar vyrdsku, ó vor Gud! ad láta þína sífeldu velgjørnínga og nád upphvetja oss, fyrst hér í tímanum, og sídan í eilífdinni!

15. Húgvekja.

Látum oss eckért þýngja; letjumst ecki á oss fyrisettu vedhlaupi.

Þanninn er øllum jardneskum hlutum varid, ad gott og íllt, sem

samblandast hvørt ødru í heimi þess-
um, er nærsta fallvalt. Af marg-
faldri reynslu høsum vér lært, ad
engrar fullkominnar gæfu er ad óska
eda vænta hér á jørdu; því hvørnig
sær heimur þessi gjørt oss farsæla,
hvar ánægja og óánægja eru jafn-
ast samblandadar, og hvar vér, á
hvørri stundu, erum undirorpnir ýmist
einhvørjum mædu-tilfellum eda ráng-
læti vóndra manna? En svo ótil-
hlýdilegt sem þessa vegna er, ad
láta sér leidast lífid, og af ørvýln-
un óska sér daudans, er hitt engu
sídur fávíslegt, ad leita sér hér í
heimi fullkominna heilla, og festa
hjarta sitt einúngis vid þetta stund-
legá;- því engin er fásinna meiri,
enn ad leita þess hér í verøldu, sem
ecki er til í henni. Vér mundum
draga sjálfa oss á tálar, ef vér ad
morgni dags vildum gjøra oss vissa
von um, ad lifa ánægdir daginn út,
og njóta ómeingadrar gledi og sinn-
is rósemis. A sérhvørjum degi meg-
um vér búast vid ad reyna óstødug-
leika allra jardneskra hluta, og þess
vegna útbúa oss fyrifram, med þol-
gædi og hugarmód, honum á móti.

En þegar vér einsetjum oss í öllu að láta oss lynda meðferð og stjórnun Guðs, verðum vér ekki móðlausir, þó óþægileg tilfelli beri oss að höndum, sem raska megi um hríð ánægju vorri. Fyrirfram skulum vér því setja oss fyrir sjónir, hvörsu auðveldlega ské mætti, að vér sviptumst heill vorri og sinnis ró; tökum til dæmis: Eg er nú í qvöld heill heilsu, en áður enn nóttin er umliðin, kann máské dauðlegur sjúkdómur að boða mér mína burtför. Nú á eg trúann vin að, en bráðum má hann kannské verða mér ótryggur; eg leggst nú glaður til hvíldar, en máské eg rísi hryggur úr rekkju; eg lifi í qvöld, en hvörr veit hvað fjærri er æfi endi? Hanninn er viturlega þenkt, og skynsamlegt að haga sér samboðið þessu. Vér eigum að nota oss lífsins saklausu lystisemdir, eins og vér nytum þeirra ekki; vér eigum að gleðja oss, eins og vér ekki gleðjumst; allra hluta óstöðugleiki á að gjöra oss forsjála og aðgjætna, og heimurinn, með sínum forgeingilegleika, á að vera oss skóli, í hvörjum vér lærum vísdóm og dygð. Dygð vor og trún=

adar = traust á Gudi, mun géfa oss hugarmód og krapta, mun létta undir vora mædu og erfidi, en sefa vorar tilhnegíngar. Þanninn fáum vér vidhaldid stødugri sinnis = ró, jafnvel í þeim óþægustu tilfellum, sem ad høndum kunna bera. Hughraustir gaungum vér þá út í sérhvørt erfidi og mædu, sem sá leggur á oss, er gaf oss lífid, og sem hagadi øllu þanninn, ad þess mæda skyldi þess gledi ávallt samfara verda. Med þessu hugarfari megum vér vera þess fullvíssir, ad Guds ótti gjørir oss audunnid ad æfa jafnvel þær ørdugustu skyldur vorar, á medan vér lifum, þared vér ætíd megum gledja oss vid þá umbun, sem oss er fyrir þad á sídan fyrirheitin. Allt þetta jardneska og þess forgengilegleiki, skal þanninn styrkja oss til ad letjast ecki vorri skyldurækt, heldur því kappsamlegar ad skunda vort æfiskeid til óforgengilegra heilla, sem vér egum í vændum á himnum.

16. Hugvekja.

Ósk ens réttláta hlýtur ad uppfyllast.

Allra manna sambuga ósk er sú; ad ná farsæld, gledi og ánægju; allir vilja þeir sælir verda; hvørsu ólíkar, sem manna tilhnegíngar almennast eru, kémur þó øllum saman í því, ad allir óska sér af hjarta, ad komast hjá alls-háttar ógæfu, og þegar vér sameinum allar vorar óskir, innibindast þær allar í því: ad vér bidjum Gud um heill og hamíngju; 'en eins er ad gæta: veljum vér ætíd þau medøl, sem í raun réttri eru nægileg til ad fylla þessar vorar óskir? Ad sønnu erum vér máské ecki øldúngis afskiptalausir um þad, sem horfir oss til heilla og velgengnis; vér gjørum oss ómak fyrir ad eignast trú-lynda vini; vér sækjum eptir audlegd; vér ølum ønn fyrir heilbrygdi vorri og vellídun; vér leitum oss máské fram-fara í lærdómi; en vér fáum samt ecki, med øllu voru ómaki, nád þeirri heill, sem vér képpumst eptir; med hvørjum degi óskum vér oss enn varanlegri heilla, stødugri gledi og fullkomnari rósemis, enn vorir vinir, vor audlegd, heilsa og lærdómur fengu oss veitt; vér komumst því ad raun um æ betur og betur, ad þvíumlíkt aldrei fær veitt oss þá far-sæld, sem vorn ódaudlega anda svo

mjøg eptirlángar, og þó hefir þú, gædskuríki Gud! ætlad til þess, ad vér skyldum farsælir verda; vyrdstu því, þú Höfundur allrar farsældar! ad vísa oss á þann veg, sem leidir til sannra heilla, og styrkja oss til ad gánga hann áfram stödugglega. Lengi höfum vér hingad til af honum villst, leitad vorra heilla, en ecki fundid þær. Sannfær þú oss því um, ad oss aldrei fær vel vegnad, nema vér hlýdum þér, nema vér þín vegna hötum hid vonda, og leitum gledi vorrar í því eina, ad ástunda þinn vilja, og ávinna oss ætíd, med kostgæfinni dygda æfingu, þína nád og velþóknun. Á sérhvörjum degi komumst vér ad raun um, ad allir hlutir í heiminum eru eintómur hégómi, og þó erum vér svo fávísir, ad láta oss blinda af þeirra glampa og skini. Vyrdst þú, ó vor Gud! ad kénna oss, ad sú sinnis-ró, sem æ er samfara sönnum Guds ótta, er vor eina stöduga heill hér í heimi, sem eckért jardneskt fær oss gefid, né þess missir svipt oss; aldrei er oss óhult, ad hneixlanleg dæmi og freistíngar mæti oss ecki, sem leida kynnu oss afvega á glötunarinnar breida veg, en láttu þína forsjónarhönd þá halda oss stödugum á þínum

sanna og dygdanna vegi; þegar oss verdur villuhætt, géf oss þá nád til ad þeckja, ad þó sá vegur, sem leidir til himinsins, vyrdist oss í øndverdu ørdugur, og finnist sem þyrnum stráður, verdi hann þó smámsaman audfarnari, ánægjusamari, og ad lyktum sáluhjálplegur; á honum munum vér allt þad finna, sem ebla má heill vora; og þó oss brësta kynni þessa heims audlegd, eda ønnur jardnesk gædi og lystisemdir, munum vér þó ødlast þessa jafnvægi og miklu dýrmætara í ødrum betri. Vor fasti ásetníngur veri því ad gánga, ó vor Gud! hédanaf á þínum vegum; æ! láttú þína adstod og styrk aldrei frá oss víkja, því annars er oss hætt vid falli og villu; hjálpadu oss til ad halda áfram vedhlaupi voru undir þinni vegleidslu, og loksins ná því fyrisetta takmarki, til hvørs vér egum ad keppast, þeirri oss af þér fyrirheitnu eilífu sáluhjálp.

17. Hugvekja.

Verid ætíd vakandi og bidjid. (Lúc. 21.)

Þegar vér voknum ad morgni dags, þegar vér leggjum oss til svefns ad qvøldi, á vor fyrsti og seinasti þánki ad

íhuga, hvørnig vér fáum haldid sálu vorri sívakandi, til ad varast þann hættulega andvaraleysis svefn, sem orsakar ófarir margra. Þad er víst hid háskalegasta ásigkomulag sem nockur fær ratad í, ad framgánga alltaf sem hálfsofandi, án þess ad láta sér í hug hvarfla, ad endalaus ógæfa kunni audveldlega hann yfirfalla øldúngis óvidbúinn, þvíad á sérhvørju augnabliki vors lífs egum og megum vér vænta Jesú tilkomu eptir hans egin fyrirsøgn; og þó þad ecki væri, erum vér engann tíma óhultir fyrir daudans adkalli og þá fær eckert ástand, hvørsu álitlegt sem þad vyrdist, frelsad oss frá því óttalega, sem af þessari umbreytíngu leida má, fyrir oss, ef vér ecki høfum vid henni verduglega búist fyrirfram; hvørsu naudsynlegt er þad því ecki fyrir oss, ad vera ætíd vakandi, ætíd til reidu ad skipta um veru hér á jørdu fyrir himininn, þó ad mædu, umhyggju og árvekni kosti ad fá þessu hugarfari stødugu vidhaldid. Forsóma þu aldrei, kristinn madur! á sérhvørs dags morgni ad einsetja þér, ad brúka þann dag med árvekni og athygli sérhvørrar skyldu þinnar, og minnstú, hvørsu margbreytt

hún er, og hvorsu margt þér ber í þessu tilliti ad gaumgæfa í lífi þínu. Þú, sem tilbidur þann eina og sanna Gud, átt hann ad elska yfir alla hluti fram, og hafa hann þér æ fyrir augum, sem vitni til allra athafna þinna, sem þann, er aldrei víkur frá þér, og því láta þér undir eins í hug koma: ad þessi Gud er þinn ædsti dómari; því ber þér jafnan ad vera gætinn í ordum, hreinn í þaunkum og rádvandur í framferdi þínu; þér ber því ad varast allar óleyfilegar lystisemdir, og halda þínum tilhneigíngum í taumi; aldrei má þitt hjarta festast svo vid þessa lífs gædi, ad þú vanbrúkar þau til ad fullnægja med óleyfilegum girndum; hvertá mót áttu til þess ad venja þig, ef vidþyrfti, ad þú viljugur géfir honum aptur allt hvad þú átt, sem þad veitti þér fyrri óverdskuldad; því sídur máttu óánægdur mögla, þó hann svipti þig því, sem hann ádur gaf. Í stuttu máli ad segja: aldrei má þér sú alvarlega ástundun úr minni falla, ad lifa ætíd þannig, ad þú megir vænta þér sáluhjálplegs dauda. Vid þessa ástundun máttu aldrei sloku slá, aldrei í henni letjast, eda láta nockra ver-

aldar muni blinda þig svo eda svæfa, ad þú gleymir þinni eilífu sáluhjálp. Þared þín daudastund er þér óviss, má þad ské ad hana adberi þegar þig minnst varir, og þú ert áhyggjulaus; því má þín árvekni aldrei dofna til þinna æfiloka. Ecki nema þeir, sem þángad til vardveittu trúna og góda samvitsku, ega von á úr býtum ad bera réttlætisins kórónu. Vaktu þess vegna, þared þú ecki veitst þá stund, nær Herrann muni koma, og kalla þig fram fyrir þig, sem Dómara, til ad standa sér reikníng fyrir þitt líf, og gjørvallar lífs athafnir. En þú vor Gud! sem hefir talid vora daga, sem allir eru í þinni hendi, þú, sem þeckir vorn veikleika, vanmátt og óstodugleika, vyrdst þú ad halda oss jafnan vakandi! láttu aldrei þessa heims blindandi glaum svæfa svo oss, ad vér gleymum vorri eilífu áqvørdun; gefdu oss krapta til ad standa stødugum í vorum góda ásetníngi, svo ad vér verdugir finnast mættum ad lokunum þeirra verdlauna, sem trúlyndum þjónum fyrirheitin eru.

18. Hugvekja.

Eg vona á þig, Drottinn! og segi: þú ert minn Guð! (Psálm. 31.)

Í þessu óstöduga, umbreytíngarsama lífi, fær oss eckért gjört rólegri enn fullvissa sú: ad allt hvad oss ber ad höndum, öll vor tilfelli standi í hans hendi, sem í sínu valdi hefir bædi öll mannleg kjör og allra manna hjörtu; hann þeckir grant og sjer allar vorar þarfir, hann veit og medölin, sem ætíd hjálpa kunna; alkunnugt er honum sérhvad þad, sem vidhalda má voru lífi, eins og hitt, sem því má granda, og eckért fær hneckt hans mætti, mótstadid né hindrad hann frá ad hjálpa oss; hann þarf ecki nema ad bjóda, svo ad allir hlutir fái sína tilveru og gáng, og vilji hans einn er fullnógur til þess, ad þeir verdi ecki ad engu. Í trú hans almættismegum vér í sérhvörjum lífsins kríngumstædum vænta oss heilla og sigur úr bötum ad bera, hvör helzt mótlætis reynsla, sem oss ad höndum ber; þó má þad vera oss gledi- og huggunarsamlegast, ad þessi vor Drottinn, á hvörn ver treystum er óendanlega gódur, og ad hann elskar oss enn innilegar, enn

nockurr fadir fær elskad sitt einka barn; þó ad hann siálfur engin not hafi af heill vorri, hefir hann samt laungun eptir vorri velferd, og þessi fullvissa er oss nóg sannfæríng um, ad hann muni oss aldrei yfirgéfa. En þegar vér gætum þess, ad hann hefir gefid oss dýrmætustu fyrirheit um, ad veita þeim nád, sem med sønnu trúnadartrausti snúa sér til hans, þá er vissulega eckert, sem vér framar høfum ad æskja oss. Ótal réttkristinna dæmi, sem hughreystir vóru í eymdum sínum og frelsadir úr neydinni, er oss ánægjanlegt vitni þess, ad fyrirheit Guds standa støduguri enn himin og jørd, því þetta er þad huggunarríkasta, ad kjærleiki Guds og trúfesti er engum umbreytíngum undirorpid. Máttugur er vor Gud ad halda sérhvad, sem hann oss heitid hefir; ætíd er hann fús til ad veita oss allt gott, ef vér ecki hindrum þad siálfir. Allt verdur samfara til ad sannfæra oss um, ad í því sé vor heill fólgin, ad Gud Jakobs er vor hjálp, þegar vér setjum á hann vora von, sem skapad hefir himin og jørd. Vér upplyptum því vorum høndum á þessari stundu til þín, alvaldi himins og jardar Herra!

frá þér væntum vér hjálpar og adstod-ar. Þared vér vitum ecki fyrir vor luckukjør á næsta degi, fáum vér eckért betur úrradid í vorri óvissu, enn ad fela þér á vald øll vor tilfelli og allt þad oss mætir, hvørt þad er blídt eda strídt; þad vitum vér, ad aldrei er oss vid óførum hætt medan þú ert oss nádugur; en vér erum þessa fullvissir medan vér gaungum á þínum vegum, og med ørúggu trúnadartrausti setjum alla vora von á þig. Hvørutveggja viljum vér gjørá med rádvøndu hjarta, og jafnan hafa þig oss fyrir augum; vyrdstú því ad uppfylla á oss þín dýrmætu fyrirheit, lattú oss reyna þá adstod þína, hvørrar vér vidþurfum og leitum. Heyr þú nádarsamlega sérhvørrar trúadrar sálar andvarp, sem uppstígur fyrir þinn trón á þessari qvøldstundu; lát og sérhvørn í naudum staddann, finna hjá þér nád og frelsi; heyr þú bænir þeirra yfirgéfnu, og vertú allra þinna mannskepna miskunári, eins og þú ert athvarf og Fadir allra þjóda. O Gud! vér fulltreystum þér! vertú oss ecki fjarlægur med þína hjálp; vér viljum þínu nafni lof sýngja, þú hæsti, sem hjálpar svo gjarnan.

19. Hugvekja.

Þú varst minn Guð frá móðurlífi.

Með engu fáum vér betur styrkt og grundvallað vort trúnaðar-traust til Guðs, sem oss er svo harla nauðsynlegt í þessu lífi, enn með því: opt og dyglega með eptirþánka að endurminnast, hvörsu Guðs föðurlega forsjón hefir leidt oss dásamlega í gégnum vort liðna líf, og þau margvíslegu tilfelli, sem oss hafa í því að höndum borið; vér fáum af því sjeð, að vér fyrir sérhvört lífs vors augnablik, egum Guði lofgjörð og þakklæti að gjalda. Einber gæðska Guðs skóp oss af engu og gaf oss lífið, fyrir hvað oss ber að þjóna honum með því gjörvöllu. Þegar vér rekja viljum lífs vors feril og ástand frá öndverdu, dag frá degi, ár eptir ár, frameptir fyrsta barndóms aldrinum, á hvörsu mörgum rökstemdum guddómlegrar Föðurgæðsku megum vér þá ecki þreifa? hvörninn mundum vér á vorum æskuárum, þegar líf vort héck á veikum þræði, hafa fengið klaklaust komist í gégnum þau margvíslegu hættu tilfelli, sem á þeim aldri hafa ollað mörgum bana, hefði ecki Guðs

føðurlega forsjón vakað yfir oss? hvørnig hefðu vorir veiku, þó svo meistaralega bygðu og samantengðu limir vaxa kunnað, dafna og þroskast dags daglega, á uppvaxtar árunum, hefði ecki sama almætti Guðs minðað úr vorum barndómi menn, sem mindaði oss þegar í móðurqviði? hvørsu margar hættulegar sóttir hefðu ecki mátt svipta oss lífi, ef hønd Drottins hefði ecki viðhaldið því? margt eitt voveiflegt hættu tilfelli mátti fyrir laungu hafa lagt oss í grøfina, hefði ecki verndar armleggur vors trúfasta vaktara verið sífellt útréttur oss til frelsis; já, vissulega mætti fyrir laungu útgjørt vera um vora velferð; vissulega hefðum vér þegar burtrycktir verið í vorum syndum, ef vor mikli Arnaðarmaður, sem sætt hefir oss við sinn himneska Føður, hefði ecki sífellt beðið fyrir oss. Hans vegna hefir þolinmæði Guðs ecki einúngis hlíft oss allt híngað til, þó vér svo opt høfum af oss brotið hans náð, heldur egum vér honum, vorum dýrmæta Endurlausnara að þacka svo margfalda náð Guðs og velgjørnínga, sem vér þegið høfum allt híngað til; hans vegna erum vér frelsaðir frá mørgum lífsins sorgum;

hans vegna eru vor tár svo opt afþerr-
uð; hans vegna erum vér svo opt end-
urhrestir með dýrmætustu huggunum
í vorum dymmu sorgardögum, og hvað
enn meira verdt er enn allt þetta: að
hans vegna hefir Guð fyrirgefið oss
vor mörgu og miklu afbrot. O! hvørn-
ig fáum vér þakkað honum, sem ber,
þvílíka velgjørnínga! vanmegni vort
tillífs og sálar, sannfæra oss um, að
oss sé það ómøgulegt, að endurgjalda
honum allt það góða, sem hann hefir
við oss gjørt, en því framar er það
vór skylda að prísa þig, vor Guð! ó-
aflátanlega fyrir allt þetta, að þjóna
þér með lífi og sálu, og setja á þig
vort gjørvalla trúnaðartraust. Svo
opt, sem vér rennum þaunkunum til
þinna velgjørnínga, svo opt láttú oss
í hug koma, hvørsu, mikið vér egum
þér að þakka; viljum leitast við að dyrka
þig með gjørvøllu lífi voru; þanninn
viljum ver ástunda að lifa, sem þín ó-
endanlega náð við oss verdskuldar.
Í stødugum kjærleika til þín, og føstu
trúnaðartrausti til þinnar gæðsku,
upphvetji oss sérhvørr dagurinn, sem
þú lætur oss lifa, og sérhvørr vel-
gjørníngur, sem þú daglega lætur oss

í tje. Ef ad oss tækist, samsvarandi þessu hugarfari, ætíd ad breyta, mundum vér reyna þinn kjærleika til vor því ástúdlegri, því gódgjarnari, sem vér lifum lengur.

20. Hugvekja.

Ecki minn, heldur verdi þinn vilji.

Svoru valdi er jafnan ad bidja vorn Gud; á þessari qvøldstundu verdur og efalaust innihald vorra bæna þad, sem vort hjarta helzt girnist, nefnilega þetta: himneski Fadir! sem látid hefir oss lifa þennann dag út, láttu ecki þessa nótt verda vora sídustu! hlíf oss fyrir þeim qvídrænlegu skilnadi, sem hrífur oss í skyndíngu á burt frá þeim, sem oss eru kjærastir á jørdunni, ellegar þá frá oss! hlífdu oss fyrir þeim sáru bágindum, ad komast í fátækt og verda naudlídandi! frá því, ad fara med vonarvøl, eda neydast til ad beidast ølmusu! hlífdu oss fyrir lángsømum, þúngum sjúkdóms pínum, undir hvørjum margir óska sér daudans! Þessar bænir til Guds eru ad sønnu enganveginn lastverdar, þó mega þær verda svo, ef vér, svo ad segja, hyggjum þar med ad neyda Gud til ad bænheyra

oss, og uppfylla þessar óskir, ellegar ef þær framkoma af óbelinmædi, hafi Gudi ecki þócknast ad láta oss odlast þad vér umbeiddum; því vor skylda er, eins þá ad láta oss lynda, ef Gudi þócknast mætti ad kalla oss hédan frá øllu því, sem oss er kjært, eda ad svipta oss vinum vorum, ellegar láta oss rata í armód og volædi; því allteins þá ber oss med hlýdni fúsum ad fela oss hans fødurlegu rádstøfun, og segja med vorum Jesú: skal eg ecki drecka þann kaleik, sem minn Fadir hefir mér gefid? Yfrid hørd finnst oss, sem af náttúrunni til breiskum mannesskjum, þessi kénníng, en vér erum þó skuldbundnir til ad hlýdnast henni, sem þegnar vors ædsta Yfirherra; hans er mátturinn og Herradæmid yfir øllu því, sem er á jørdunni, og þegar vér gætum þess, ad hans Herradæmi er ásamt hid mildiríkasta, mun oss aldrei ydra, ad oss falid høfum hans fødurlega vilja, því allt er oss þad fyrir bestu, sem vor alvísi og nádugi Gud lætur vid oss framkoma. Veiti hann oss ecki allar þær óskir og bænir, sem vér svo ydugleg og allopt íhugunarlítid framberum fyrir hann, og vitum þó sjaldan

hvad oss er fyri bestu, géfur hann oss vissulega annad oss hollara í þess stad, sem bætir oss ad fullu söknud þess, sem vér svo ákaft óskudum eptir; þóknist honum ecki ad láta oss ná gráhærdum gamal=alldri hér á jördu, mun hann þó, hvörsu fárra æfidaga sem hann unnir oss, á þeim votta oss full merki síns kjærleika, sem gjöra má oss ánægda med burtför úr þessum heimi; þóknist honum ad svipta oss því, sem vér höfdum mest yndi og ánægju af, þá veitir hann oss annad hollara í stadinn, sem enn framar verdskuldi vort þacklæti; finni hann þénanlegt ad svipta oss eignum vorum og senda oss fátækt, hvörr veit hans góda og vísa tilgáng þar med? þóknist honum ad láta oss heilsuveiki tilfalla, viljum vér þó una því vel, þegar hann ad eins vidheldur heilbrygdi sálar vorrar, og lætur oss aldrei yfirgéfna né hjálparlausa í sjúkdómum þeim, sem hann á oss leggur. Vid þessa íhugun finnum vér, ad hvörninn sem á kann ad standa fyrir oss, eda hvad helzt sem oss mætir, er oss æ fyrir bestu, ad leggja oss fúsa undir vilja og stjórnun vors Guds. En vyrdstu, ó vor Gud! ad láta þinn góda Anda

innræta oss þetta kristilega hugarfar, og styrkja það með náð þinni, þá helzt, þegar vér mest meðþurfum; þegar einhvør lífsins armæða og mótlæti ber oss að höndum, géf oss þá náð til, með þolugu stöðuglyndi, að þreya undir þjáninganna þúngu byrði, og auðsýna þá með voru dæmi, øðrum til eptirbreytíngar, hvørsu óyfirvinnanlegur í øllum þrautum sá sannkristni er, sem ljúfur lagði sig undir og jól Guðs föðurlega vilja.

21. Hugvekja.

Þegar vort líf hefir kostulegt verið, hefir það verið mæða og erfiði. (Psálm. 90).

Hvörsu sorgleg er sú afmálan, sem vér megum gjöra oss yfir það mannlega líf, ef vér tökum oss fyrir hendur að yfirvega allann vorn alldur, frá fyrsta uppruna vors lífs, og höldum áfram til síðustu æfiloka, hvørsu margfaldra eymda og armæðu verðum vér þá ekki varir? Hvað er manneskjan á meðan hún enn þá er innilukt í móðurlífi, nema vesæl vera og einbert manneskju-efni, og sér einkis meðvitandi um ástand sitt; hvørsu mørgum háska-tilfellum er fóstrið ekki undirorp-

íð fyrr enn það sjer ljós dagsins? varla er það fullfædt fyrri enn það tekur að gráta, rétt eins og það spái sér þeim sorglegu tilfellum, sem því mæta muni á leið lífsins; ekkert magn hefir það sjálft sér til bjargar og frelsis, engin meðöl, enga viðburði, skyn eða úrræði, heldur verður því að hjúkra, og það nærast og fóstrast af öðrum; hvörsu margfeldum háska er það ekki undirorpið fyrr enn það fái sjálft stjórnað sálu sinni og líkhama? og þegar því vex alldur, lætur veikleiki og breiskleiki vor mannskepna sig snemma í ljósi, í margföldum heimskupörum og brestum. Komist mannneskjan af barnsaldri, er henni engu óhættara: vor egin reynsla vitnar gegn oss, að þó vor skynsemi þá sé mögnuð, vor þekking aukin, vorar skyldur, og hvað oss má til farsældar horfa, oss kunngjört, breytum vér opt enn bernskulegar enn áður, og gleymum að brúka Skapara vorum til dýrðar, og oss til ævarandi heilla, þenna blómstrandi part æfi vorrar. Vorar sinnis-hræríngar og syndugar tilhneigíngar vaxa með degi hvörjum, og hjá ofmörgum taka loks svo yfirráð yfir skynseminni, að því

elldri vér verdum, því meir fjærlægjumst vér Gud og hans vilja; stundum uppblæs oss reidi eda dramb; stundum brennum vér af losta, ágyrnd, øfund og hefndargyrni; ydjuleysi leidir oss á stundum til margra annara lasta, sem olla oss sinnisóróa, vondrar samvitsku, ótta fyrir Guds ónád og margfaldrar ógæfu. Med fullordins alldrinum margfaldast vorar eymdir og andstreymi því meir, sem vér høfum fleira ad annast, og egum vid bágari kost ad búa. En loksins komumst vér nockrir á hid efsta skeid mannlegs alldurs, og þáer vort ásigkomulag allopt hid aumasta; þá gjørast augu vor sljófskygn, eyrun heyrnardauf, andlitid hruckótt, høfudid hvítt af hærum, smeckurinn deyfist, tennurnar falla burt, hendurnar skjálfa og allur vor líkhami vanmegna, vér verdum børn á ný, ósjálfbjarga og annara hjálparþurfar; hér ábætast einatt svefnlausar nætur, výl og bjargar áhyggja, harmatølur, líkhams lasleiki og sjúkdómar, og hvørr fær talid allar þær eymdir, sem ellinni á stundum fylgja, og ecki skilja vid oss fyrri enn vér liggjum lík? Loksins rotnar þetta í grøfinni, nag-

ast af ormum og verdur ad dupti; og þetta er það seinasta, sem vér þeckjum til mannlegs lífs hér á jördu. Nockud af þessu sorglega hefir margur af oss þegar reynt, en hvørsu margt má ecki enn fyrir oss liggja? máské nærsta nótt eda nærsti dagur hafi oss nockrar þesshattar lífsins eymdir fyribunar; á hvørjum helzt alldri sem vér erum, megum vér búast vid einhvørjum á ókomna tímanum, en fyri honum og því, sem oss þá mæta kann, fáum vér aldrei betur sjed, enn med því, ad fela þér, ó vor Gud! og þinni nádugu umsjón á vald, alla vora komandi æfidaga; án þinnar adstodar og hughreystíngar, verdur oss lífsins mæda óttafull; med þínum styrk og fullvissunni, ad allt verdi þeim til góds, er þig óttast, verdur hún oss léttbær. Vyrdstu ad mískuna þig yfir oss auma, eptir mikilleik þinnar miskunar!

22. Hugvekja.

Gángid forsjállega, ecki eins, og fávísir, heldur eins og vísir. (Eph. 5.)

Ad sérhvørju qvøldi høfum vér yfirfarid lítinn spøl vegferdar vorrar hér í heimi, og ferdumst nýann á sérhvør-

jum morgni dags; má oss því vyrdast, sem oss meddegi hverjum birtist ný verøld, í hvørri vér ecki einúngis megum búast vid nýum freistíngum, heldur nýum skyldum, sem oss ber ad geyma. Fyrifram er því rádlegast ad morgni hvørs dags, ad þú, kristni madur! sem vilt lifa forsjállega, skodir og yfirvegir í einrúmi sérhvørja þá skyldu, sem þér á þeim degi ber ad framqvæma; vertú því aldrei áhyggjulaus og óvidbúinn á morgni hvørs dags, ad taka forsjállega því, sem þér mæta kann í verøldinni, heldur gættú þess, hvørsu hættuleg hún má verda hjarta þínu, þegar þér varhygdarlausum mæta þær gynníngar, sem hún opt frambýdur. Nema Guds ótti vísi þér veg, nema Guds allstadar nálægd gleymist þér ecki, verdur þér villuhætt í heimsins tælandi glaumi og gjálífi; þess vegna ber þér ad morgni hvørs dags, ádur enn þú gefur þig útí heimsins hættulega soll, ad hugfesta skyldur þær, sem þér ber ætíd fyrir augum ad hafa, í øllum lífsins umsvifum. Lát þú náqvæma skodun náttúrunnar nidurskipunar, og yfirvegun gudlegrar stjórnunar, kénna þér ad þeckja Guds miklu eginlegleika; mundú til Guds ó-

endanlegu alvitsku, sem gjörþeckir allar sínar skepnur, gjörvallar athafnir sérhvörrar, og þeirra huldustu þanka; þetta á ad vekja hjá þér heilagann ótta fyrir hans hátign, sem varni þér ad ala synduga þánka í hjarta þínu. Minnstu opt allstadar nálægdar þíns Guds, sem má vera þér yfrid huggunarrík, þegar þú undir eins minnist, ad Gud er þinn Fadir og verndari, hvar sem þú ert staddur; yfirvegadu í huga þínum hans óendanlegu gædsku, ad vor Gud er einber kærleiki, og ad gjörvöll náttúran er full af hans gódgyrni; rifjadu upp fyrir þér dæmi upp á hans margföldu, og serlegu vernd, frelsi úr háskasemdum, dæmi ótal óvæntra velgjörnínga, sem þú hefir adnotid á umlidinni æfi þinni, af hans miskun; hugleid þú fávitsku manna og spillíngu, sem veki hjá þér undrun yfir Guds óbreytanlegu þolinmædi og lángtundargédi; láttu þér í hug koma afbrot þín, til þess, ad ydrast þeirra af hjarta, en einkum og allra helzt, vyrdtu fyrir þér Jesú ómetanlega kjærleika; skodadu hans nidurlægíngu, ad gjörast manneskja; ad taka uppá sig vort hold og blód, og allann mannlegann veikleika; ad þola, vor vegna, allskonar vanvyrdu

og þjáníngar, og loksins krossins bitra dauða. Hvörsu undrunarverður, hvörsu guddómlegur og óútmálanlegur er ekki þessi Jesú Krists kjærleiki! láttu þánka þína fylgja honum eptir í gégnum allt hans líf og allar hans píslir, til grafarinnar; set hann þér fyrir sjónir í hans upprisu dýrð, og í hans hátignarfullu himnaför, en renndu þá undireins augunum til sjálfs þíns, og sjáðu hvörsu breiskur og vanhelgur þú ert; þar af fær þú lært að þekkja mikilleik guddómlegrar náðar þér til handa. Þegar vér æfum oss í þvílíkum þaunkum að morgni dags, og gleymum ekki heldur því sama að qvöldi, munum vér efalaust fá sigrað sérhvörjar freistíngar, sem oss mæta; auðveldara mun oss þá að gæta vorrar skyldu, því kraptur Guðs mun þá styrkja oss veika; þá munum vér að qvöldi fá gladst yfir velbrúkuðum og farsællega endudum degi.

25. Hugvekja.

Þú ert mitt traust, Drottinn! Drottinn! mín von í frá úngdómi mínum. (Psálm. 71.)

Séum vér sannfærðir um það, að gjörvallt ráð Guðs er einúngis gæðska og vísdómur, ætti ekkert, sem

mætir oss í heiminum að abla oss lángvinnrar hrygðar; því skyldum vér þá mögla yfir stjórnun Guðs, eða gjöra oss sjálfa órólega með ónýtum sorgum? Engannveginn skulum vér qveina, þó að vér fáum ecki allar vorar óskir uppfylltar, því hvorr veit nema þær hefði orðið oss til ógæfu einnar, ef veittust; viljugir skulum vér því fela oss á vald Guðs, hvörs náð er óendanleg og ævarandi; hvörsu luckusæla megum vér ecki álíta oss, að sá almáttugi sjálfur verndar oss, viðhelður og forsorgar oss, og þó að oss bæru nockrar mótlætíngar að höndum, því skyldi það abla oss hrygðar, fyrst þær útheltast oss af vorum vísa og miskunsamasta Föður? Sannarlega fáum vér eckert ríkara íhugunar-efni enn það, að vér stöndum undir umsión og varatekt lifanda Guðs; ef áskríkur faðir vill ecki gjöra barni sínu mein, hvörsu síður mun það Guði ætlandi, hvörr, eins og faðirinn miskunar sig yfir sín börn, eins miskunar Drottinn sig yfir þá, sem hann óttast. Í stjórnun heimsins finnum vér óteljandi kénnimerki guddómlegrar speki, náðar og almættis, því skyldi þá sú aðgætsla ecki hvetja oss til, með ánægðu

hjarta, ad lypta vorum hjørtum upp til þeſsa alvalda Herra, ſem ſvo dáſamlega ſtýrir øllu, og hefir ſvo nærgætna og náqvæma umſjón med líſi voru, og vakir ætíd yfir oſs. Allur ótti, allur qvídi má því hverfa oſs, þegar vér hugleidum, ad Gud er oſs nalægur, allteins á heimugleguſtu ſtødum. Eg er, má ſérhvørr af oſs þenkja, hér einmana, en Gud er og med mér; eg geng hér einſamall, en Gud leidir mig veginn; hvørt ſem eg tala, þenki eda þegi, ſjer og þeckir Gud allar mínar hugrenníngar og allt hvad mér mætir. Veri mér mæda nockur ad høndum, leita eg hennar úrræda hjá mínum Gudi. Njóti eg nockurra lífsins ánægju-ſtunda, á eg ad þacka þær mínum himneſka velgjørara. Úthelli eg í einrúmi harmatárum, veit eg hann ſjer og telur þau. Andvarpi eg í mínum einmanaſkap og eymdum, er eg ſanit viſs um, ad Gud minn ſjer og heyrir mín andvørp. Sé eg í háſka ſtaddur, veit eg ad Gud er minn verndari. Megi eg ſjá á bak øllum mínum beſtu áſtvinum á jørdunni, veit eg þó, ad Gud er, og verdur til eilífdar, minn beſti og trúfaſtaſti vinur; og lokſins, þegar ad því kémur, ad eg ſkal

yfirgéfa þenna heim og safnast til fedra minna, mun sá Gud, sem gjördi mér svo margt og mikid gott í lífinu, verda mér einnig nádugur Gud í daudа. Þegar vér nú í sálu vorri höfum grundvallada þessa trú og von til ens alvalda himins og jardar Skapara, megum vér hughraustir vera, hvad sem ad höndum ber. Ad sönnu vitum vér ecki hvad oss á nærsta degi mæta muni, en þad vitum vér med vissu, ad allteins á þeim komandi, sem hinum aflidnu dögum vorra lífsstunda, munum vér reyna mörg merki Guds nádar. Mörg þúsund daga hefir margur vor lifad, og á sérhvörjum þeirra höfum vér notid einhvörrar nádar eda velgjörnínga Guds; hvörs skulum vér þá heldur vænta á þeim komandi tímum, enn nýrrar Guds nádar? Eptir því, sem vér reynt höfum híngad til þína trúföstu gædsku, ó vor Gud og Fadir! vogum vér óqvídnir og öruggir ad fulltreysta henni hér eptir, og fela oss framvegis þér á vald. Vyrdstú ad sjá fyrir rádi voru og öllum vorum lífskjörum, samqvæmt þínum náduga vilja, en géfdu oss ánægt hjarta med allt þad, er þín speki úthlutar oss; vér erum þess fulltrúa, ad þú, eptir ad voru

reynsluftandi hér í heimi er lokid, munir leida ofs til eilífrar æru.

24. Hugvekja.

Vorir dagar eru skyndilegar burtflognir enn vefarans spóla, og eru svo hjáfarnir, ad þar var engin vidstada. (Jobs b 7.)

Hvorsu hastarlega burtflýgur mannlegt líf! einn dagur er enn á ný, rétt eins og eitt augnablik, útlídinn; og þetta eru almenn kjør allra mannlegra daga, þeir renna á burtu, sem vatnsstraumur, í skyndíngu; einn dagur víkur frá þeim komanda, og mánudurinn og árid flýtir sér hvørt eptir ødru, og þessi umskipti munu vidvara, þángad til tímans straumur þverrar vid mót eilífdarinnar. Hvørsu lángt sem vera kann, uns svo almennileg umbreytíng skédur, vid hrun þessa heims bygginga, er þó máské álík sérlega nálæg sérhvørjum af ofs; því þegar vér deyum, er vor tíd á enda, vorir dagar burtu flognir, og þá býdst ecki framar tækifæri til, ad ødlast nád Guds og hans kjærleika, hafi þessa ecki fyrri leitad verid; vid endir þessa daudlega lífs, er bænar, ydrunar og vonarinnar tíd útrunnin; á

sama augnabliki, sem daudinn kallar oss, er sérhvørs tilreidslutíd oss eilífslega mist og á enda. Vor hérvistartími lídur á burt og styttist med jafnri ferd, sem daudinn nálægist oss framar med sérhvørjum degi og sérhvørri stundu, og vor dauda og dóms-dagur verdur oss þannig med hvørjum degi nálægari. Vor sídasti dagur er oss því brádlega upprunninn eda á enda, og hans lok skulu áqvarda vor eilífu kjör. Þetta eru hugleidíngar þær, sem sérhvørs dags endir alvarlega minnir oss á. Hvørsu mørg þúsund manna munu nú á þessum nætur tíma kallast fram fyrir Guds dómstól, og hvad þá? ef ad einhvørr af oss á nóttu þessari verda ætti í þeirra tølu? Ef ad sú skélfandi rødd hljóma ætti fyrir mínum eyrum á nóttu þessari: gjørdu reikníngsskap þiunar rádsmennsku! O Gud! hvørsu ógnar mér þessi þánki? hvad mundi eg úr ráda ef ad svo skédi? æ! ad falla þér til fóta, miskunsami Fadir! og bidja þig, fyrir Jesú forþénustu sakir, ad vera mér nádugur; ad bidja þig ecki ad minnast minna umlidnu, eyddu, og til einkis, eda illa, brúkudu daga; en máské daudinn yfirfalli mig svo voveiflega,

ad eg fái ecki stundir til ad bidja og fela þér mína sálu. Eg vil því nú þegar gjøra það; þá bæn, sem eg vildi fyri þig frambera á mínum síðasta tíma, vil eg nú uppsenda til þín á þessari qvøldstundu: ó minn Gud! æ! vertu mér, fyrir Jesú forþénustu sakir, nádugur, og fyrirgef minna umlidnu daga afbrot. Kenndu mér þann vísdóm, ad telja mína daga, og hugleida hversu fáir og óvíssir þeir eru, ad eg í tíma læri ad búast verduglega vid minni burtferdar-stundu. Brádum burtlída þeir dagar, mánudir og ár, sem eptir eru af mínum áqvardada skamti hér í lífi, uns eg má vidbúast ad flytja inn í endalausa eilífd; ó ad hún yrdi mér farsæl eilífd! Eilífi Gud! þú einn fær uppfyllt þessa mína ósk, þá mest áríðandi allra minna óska. Hvørt sem mín æfitíd verdur blíd eda stríd, má mig lítils varda, eigi eg ad eins sæla eilífd í vændum. Hún skal þá kénna mér, ad blessa sérhvørja mædustund, sem þín forsjón her úthlutadi mér, til minna eilífu heilla, og ad líta med gledi yfir mína aflidnu æfidaga.

25. Hug.

25. Hugvekja.

Kénn þú oss að hugsa það, vér hljótum að deya, svo vér forsjálir verðum. (Psálm. 90.)

Ef vèr viljum æfa oss í heilsusamlegri umhugsun dauðans, áðurenn hann að ber, finnum vér það allavega umhverfis oss, sem oss má minna á hann, setja hann lifandi fyrir sjónir, og votta oss vorn dauðlegleika. Hvørs dags qvøld minnir oss á vora endalykt, og á hvørs dags morgni megum vér segja við sjálfa oss: við lok þessa dags á eg eina dagferð færri eptir, af minni vegferðar reisu í gégnum lífið; eg hlýt því, með tvöfaldri ástundun, að keppast eptir framførum í sönnum kristinndómi, þess heldur, sem mín daga og ára tala styttist meir; og hvað tjá oss vor óðum burtlíðandi ár annað, enn þann sannleika: manneskja! tíminn er stuttur og burtflýgur í skyndíngu? Hvørt sem vér rennum augum vorum á þetta forgengilegleikans skoðunarpláts, finnum vér alla vega umbreytíngar, óstødugleika og eydileggíngu; allt, já, ekkért undantekið, í gjørvallri náttúrunni, minnir oss á vora egin endalykt. Blóðin á trjám og urtum, blóstrin á

mørkinni, vindurinn, sem þýtur oss um eyrun, skýin, sem hverfa svo óðum burt, reykurinn, sem vindurinn feykir, grasið, sem svo hastarlega visnar, og ótal aðrir hlutir, er vér höfum fyrir augunum, sannfæra oss um vorn forgengilegleika, og allra jarðneskra hluta stuttu tilveru. Vér fáum ecki minnst vors bústaðar, án þess dauðinn komi oss undireins í hug; fyrri enn vér, hafa aðrir búið á sama stað, sem nú eru dauðir, og lengi mun það ecki vara, áður dauðinn kallar oss héðan, til að víkja, fyri þeim, sem hér skulu byggja eptir oss; nær því allstaðar má halda að vér gaungum hér yfir dauðra bein, og hvörr veit, hvörsu nálægir þeir dauðu eru oss, sem vér af hjarta elskuðum meðan þeir lifðu? en hvört vorir sofnuðu meðbræður eru oss nær eða fjær, varðar engu, þar þitt er víst: að dauðinn er oss nálægur, já, enn þá nær, enn vér leiðum oss í grun. Máské hulin veikindi hafi þegar fest sig í mínu blóði, sem géti útbrotist á þessari nóttu, og lagt mig bráðum í grøfina. Máské eg á næstu stundu leggist sjúkur eða jafnvel dauður. Að þetta sé að óttast, gjöra óteljandi dæmi líklegt.

Hvad fáum vér því naudsynlegra gjørt, enn endurkaupa þá tíd, sem vér enn þá egum eptir, medan vér enn þá njótum heilsu og fullra krapta? hvad er tilhlýdilegra, heldur enn ad hugsa til daudans, sem fylgir oss med sérhvørju fótmáli? hans tilhugsan má því og á ad blanda sér í allar vorar lystisemdir, og ecki víkja frá oss, þegar vér gledjumst med vorum ástvinum. En þú, alvísi Gud! þeckir vort hjarta, og veitst hvørsu veikt þad er til ad strída gégn daudans ótta og skélfíngu; þú veitst, hvørsu ógedfelldt oss er ad hugsa til daudans; kénndu oss því þann vísdóm, ad minnast hans alvarlega, og géfdu oss nád til ad æfa oss í daudans nytsamlegu umþenkíngum. Því umhugadri, sem daudinn verdur oss, því framar verdur oss umhugad um vora sønnu farsæld; ecki er því ad óttast, ad daudans hugleidíngar bitri oss lífid, eda olli þess óróserd, miklu heldur fá þær gjørt oss lífid sannarlega farsælt, med því ad innræta oss þad áform, ad vera, hvønær sem daudinn oss kallar, vidbúnir, gladir og ánægdir ad skiljast vid þenna heim; verdum vér því skapi farnir,

erum vér víssulega sælir bædi um tíma og eilífd.

26. Hugvekja.

Gledjid ydur í Drottni alla tíma. (Phil. 4).

Vér lifum í þeim heimi, sem vottar oss gædsku Guds og kjærleika í ótölulegum hlutum. Jördina hefir hann prýdt med fjölda af margvíslegum gædum. Hans vilji er þad ecki, ad vér eyda skulum dögum vorum í sífeldri óánægju, eda neita sjálfum oss um, ad njóta med gledi hans velgjörda; þess vegna hefir hann svo dásamlega lagad vor skilníngarvit, ad sál vor gledst, þegar vér smöckum, sjáum eda heyrum vissa hluti. Guds nádugi vilji er þad, ad vér lifa skulum hér á jördunni, svo ánægdir og rólegir, sem mögulegt er í þessu óróleikans landi; þó er þad audsætt, ad vér erum ecki til þess skapadir, æfinlega hér ad lifa; því þared þad land, sem vér byggjum, er ad álíta sem gésta-herbergi oss til handa, er þad ecki Skaparans tilgángur, ad hér sé vor eilífi samastadur; nei! heimur þessi á einúngis ad vera oss skóli, í hvorjum vér læra egum vísdóm; reynslustadur, í hvorjum oss ber ad búa oss verduglega undir

eilífdina. Margar og mikilvægar eru því skyldur þær, hvørra vér gæta egum á medan vér búum hér á jørdunni, bædi vid Gud, sjálfa oss og medbrædur vora; en, óhófleg brúkun þessa lífs gæda, fær audveldlega hindrad oss frá ad æfa þessar skyldur, og sífeldar tvístrandi sorgir og áhyggja fyrir því jardneska, draga vort hjarta frá Gudi og eilífdinni, opt án vorrar vitundar. Hvad er því til ráda? Hvørttveggja, bad himneska og jardneska, bad eilífa og þad stundlega, ber fyrir augum ad hafa; vér egum ad nota oss og brúka réttilega þessa heims gædi, þad er: med hóffemi og skynsamlega; vér megum gledja oss vid lífsins yndæli, en ætíd med hófi; vér megum færa oss í nyt allt þad góda, sem náttúran framreidir oss, en aldrei þess vegna gleyma vorri ædri og eilífu ágvørdun á himnum. Hvørsu farsæla mættum vér ecki meta oss, ef ad vér ætíd fylgdum þessari lífsreglu, og lærdum nú þegar ad dæma skynsamlegar enn híngad til, um þessa lífs gjædi og lystisemdir. En, því midur! vér finnum hjarta vort enn þá allt of fast bundid vid heiminn; vér finnum hvørsu mikid vald þetta jardneska hefir yfir

oss; hvörsu torveldt, já, ómögulegt það er, voru spillta og breiska hjarta að afneita heiminum, að eyða hjá oss elsku til þess forgengilega, en festa í þess stað hjarta vort við æðri og eilíf gæði. Því skyldum vér þá mögla á móti Guði, þó hann svipti oss þeirri gleði, sem vér álítum mikilvæga lucku vorri, en sem hann sjer oss skaðlega? eða þó hann svipti oss vorum kjærustu ástvinum, sem vér máské, elskudum framar enn hann? ellegar: þótt hann svipti oss auðæfum, sem vér kannské, mættum framar enn bar og ofmjög festum hjörtun við? Vér breyttum miklu skynsamlegar, ef að vér mettum allt þetta forgengilega eptir þess sanna verði; rólegri daga mundum vér njóta, værum vér ecki of fast bundnir við þetta jarðneska; þolinmóðari bærum vér lífsins mótlæti, ef vér gættum þeirra oss hollu afleidínga fyri vora sönnu áqvörðun, og minna mundum vér qvíða dauðanum, ef vér ecki hefðum ofmikið dálæti á enu jarðneska. O Guð! kenndu oss að meta heiminn eins og sannkrístnum ber! nóg hefir hann til af því, sem vakið fái óskir vorar, en ætíð er hann ónógur til að

fullnægja þeim; nóg er hann ríkur til ad gleðja oss, en oss fátækur ad gjøra oss hólpna. Vort føðurland er á himnum, vor vegur þangad liggur ígégnum heiminn; hér leitum vér opt forgéfins heilla og ánægju, en þar munum vér hvørttveggja fullkomid finna.

27. Hugvekja.

Gud er trúr, sem ecki lætur ydur freistast yfir megn fram. (1 Cor. 10).

Svo er øllum jardneskum hlutum varid, ad þeir autvedlega fá tælt vort hjarta, til ad gleyma allri áhyggju fyrir því, sem oss er meira áríðandi; ja nvel saklausustu hlutir mega verda háskalegir fyrir vora velferd, ef vér ecki brúkum þá med gætni og forsjálega. Var ed vér opt høfum komist ad raun hér um, væri nú tími til ad þeckja vorn veikleika, og gjørast varhygdarsamari í nautn og brúkun jardneskra hluta; en, hvørsu fást er ecki hjarta vort enn þá bundid vid þad forgengilega? sérhvørr dagurinn géfur oss þar um nýa raun. Lífsins áhyggja, audlegd og vellyst trubla oss á hvørjum degi, en hvad mun lokkins hér af leida oss til handa? efalaust

það, að hvað sem oss ætti mest umhugað vera, gjörir framar enga verkun í hjarta voru, svo að vér verðum tilfinníngarlausir við dýrmætustu sannleika Guðs orða, sem þó ættu að hræra og betra oss; vér skélfumst við eilífðarinnar umþenkíngu, sem þó ætti að gledja; af því orsakast léttúð vors hjarta, og umhyggjuleysi fyri velferð vorrar sálar; af því leiðir það, að vér hlífum oss við að taka uppá oss Jesú kross, afneita sjálfum oss og fylgja honum eptir; þess vegna verður dauðinn svo bitur, að vér vitum hann eittsinn muni svipta oss öllu, sem vort hjarta hafði svo miklar mætur á. Þessi qvöldtími er oss hentugur til að hugsa framar, með eptirþanka, um þetta efni; vér skulum því segja skilið við heimsins tvístrandi glaum og soll, og renna þaunkum vorum til þess, sem oss mest áríður og viðvíkur vorri eilífu áqvörðun. Vorn huga viljum vér hefja til Guðs á þessari stundu; hann skal nú einúngis vera mál og mið vorra óska, vors kjærleika og vorrar vonar. Setjum oss því lifandi fyrir sjónir, hvílík lucka það er, sem vér aðnjótum, að vera Guðs börn og hans Sonar endurleystu;

vor alvarlegasti ásetníngur veri nú sá, ad afhenda oss þér á vald, Gud, allrar gædsku! og hvørki láta lífsins gledi, né lífsins þreyngíngar snúa oss frá þér framvegis; med þacklátu hjarta viljum vér minnast þess, hvørsu dásamlega þín forsjón hefir leidt oss í lífinu allt híngad til, og hvørsu óútmálanlega mikla nád vér egum þér ad þacka, frá þess fyrsta byrjun, ecki síst í því, ad þú hefir látid oss óhegnda, er svo opt høfum misbrúkad þína elsku og brotid þín bodord. Vér viljum og setja oss fyrir sjónir, þá miklu umbreytíngu, sem oss mæta mun vid daudans og eilífdarinnar adkomu, og nú láta þá tilhugsun verda oss kroptuga upphvatníngu til sannarlegs Guds ótta; vér viljum drottna yfir vorum gédshræríngum og fýsnum, svo þær leidi oss ecki afvega, eda spilli vorri eilífu velferd; en þessi gódi ásetníngur fær þó ecki stodad oss, nema þú, vor Gud! sjálfur stjórnir voru hjarta og helgir vort áform. Ef vér reidum oss á vorn stødugleika, verdum vér audveldlega sigradir, þegar vér géfum oss útiheimsins soll án þess ad minnast þín, en ef þín hjálp styrkir oss, verdur oss unnt ad fordast hans tálsnørur, og lær-

um undir eins minna ad meta heimsins heill, en keppast af alvøru eptir þeirri eilífu á himnum.

28. Hugvekja.

Berid ecki áhyggju fyrir morgundeginum — hvørjum degi nægir sín þjáning.

Mikid af þeirri áhyggju og sorgum, sem olla oss órósemi í lífinu, leidir af því, ad vér hugsum med ángist og qvída til ókominna daga, sem vér gjørum oss í grun, ad oss muni ørdugri verda enn þeir nálægu. Tídum verjum vér øllum sálargáfum vorum til ad leita upp dæmi sorglegra tilfella, og grenslumst eptir einhvørju því brigdarefni, sem vér óttumst, ad hér eptir megi mæta oss. Hvørsu rólegir mundum vér ecki lifa, ef vér bærum ecki áhyggju nema fyrir því nálæga, en fælum Guds alvísu stjórnun á vald allt hid ókomna? ef ad vér brúkudum oss til huggunar í sérhvørjum tilfellum lífsins, øll þau dásamlegu merki, sem vér híngad til reynt høfum um Guds forsjón; en voru hjarta er svo varid, ad þad øllu framar eykur sér óþarfa órósemi, áhyggju og sorgir. Oss til blygdunar megum vér játa þad, ad vér høfum eydt mørgum tíma vors

lífs til þvílíkra vðlsamra umþenkínga; þegar vér vöknudum ad morgni dags, vaknadi undir eins vor sorglega áhyggja fyrir því, sem oss mæta mundi þann dag, og hinn fyrsti þánki, sem oss rann í hug um morguninn, var qvídi fyrir þess dags mædu; þared þó þacklæti til Guds fyrir rólega næturværd og vardveitslu frá allskyns háskasemdum átti øllu framar ad fylla vort hjarta. Hvørnig mun oss vegna í dag eda á morgun? spyrjum vér opt sjálfa oss; vid hvorjum óhappa tilfellum munum vér nú ega ad búast? hvørskyns sótt eda sjúkdómur mun leggja oss, þá minnst vonum varir, í rúmid? hvört mun verda vort banaefni? hvør vor dauddagi? mun voveiflegt tilfelli enda vora daga? munum vér þurfa ad qvída sérlegum slísatilfellum, óhamingju eda eigna tjóni? Med hvílíkum grillum qveljum vér opt sjálfa oss ad þarfarlausu, vöknum ad morgni med áhyggju sorgum, og leggjumst med þeim sømu til svefns ad qvøldi. O! vér fávísir! hví sköpum vér oss svo margt þúngt óþarft? svo mikla mædu til einkis? hví, auka oss bol, med óþarfa áhyggju fyrir ókomnum tíma, þegar vér getum notid ánægju? mun þá ecki sá Gud,

er svo føðurlega hefir annast oss híngað til, og annast oss enn í dag, géta sjeð fyrir oss á komandi tímunum? mun honum ørðugt veita, að snúa þeirri ógæfu, sem vér kvíðum fyrir, oss í hag? hættu, sála mín! segi því sérhverr við sjálfann sig; hættu að styggja þinn Guð, með ángist og kvíða fyrir komandi tilfellum lífsins, sem gjøra þig svo órólega; leitastu við að burthrynda allri efasemð, sem að vantrúin ein vekur hjá þér; bíð Guðs ráðstöfunar í kyrrðum; gjørðu þér ecki lífið, með hvílíkri aðferð, mæðusamara enn ber; þá sønnu hugarrósemi máttu ætíð finna í øruggu trúnaðartrausti til Skapara þíns, sem er þinn, fyri Krist, friðþægði Faðir; frá honum máttu ætíð vænta ens besta og þess, sem þér er hollast; segðu því hughraustur: vel og dásamlega mun efalaust minn Guð leiða mig hér eptir, sem híngað til; ef sérhvert dagur míns lífs hefir gétið mér óræk merki hans føðurástar, mun eg líka á mínum ókomnu døgum sannfærast um hans náð; eg veit á hvern eg trúi! hann er minn Guð og Faðir, minn verndari og velgjørari: í hans høndum eru øll mín kjør og allt, sem mér mætir; allt fel eg það honum

á vald; hús vil eg leggja mig undir sérhvad, sem hann mér úthlutar. Komi mér því ad hendum lán eda ólán, líf eda daudi, allt verdur mér þad hollt og blessad, eptir forsjón míns góda Guds.

29. Hugvekja.

Hjartkjærann hefi eg þig, Drottinn! minn styrkleiki. (Psálm. 18.)

Hefdi Guds gædska ecki hagad því svo, ad vinátta og mannkjærleiki finndust manna á milli í heiminum, til ad gjøra sambúdir þeirra ánægjusamar, væri verøld þessi lángtum sorglegri enn hún nú er, og enganveginn í henni unandi, en án Guds má jafnvel ástúdlegasta vinátta ecki veita oss neina sanna gledi né ánægju; sé hann vor vinur, erum vér í øllu tilliti farsælir; hjá honum finnum vér þá huggun, hjálp og adstod þegar oss áliggur, sem vanmáttur vina vorra aldrei fær oss veitta, og enn ástúdlegri kjærleika, enn vér vænta megum af besta ástvini. Af Gudi megum vér vænta oss huggunar og athvarfs í sérhvørju lífsins andstreymi, sem oss mæta kann; hann er vor styrkleiki, vort slot, vort hellubjarg, vor Gud og hjálpari í allri neyd; vinskap hans og kjærleika fá-

um vér best reyndann og þecktann, séum vér í neyd eda vandrædum staddir; þá fáum vér fyrst matid rétt hans elsku, og hversu öblugur hjálpari hann er; þegar allir vorir vinir bregdast oss, mun hann æ reynast vor trúfasti ástvinur; þegar enginn vina vorra fær oss hjálpad, hversu fegnir sem þeir vildu, vitum vér ad hans almáttuga hönd, kann öllu um ad breyta. Vegleiddir af þessum himneska vini, þorum vér óhultir ad gánga útí sérhvörja heimsins háskasemd; undir hans handleidslu höfum vér eckert ad óttast; honum á vald þorum vér ad fela allar vorar áliggjandi naudsynjar, fullvissir um, ad hann minnist þeirra. Þó allir vorir jardnesku vinir sífellt umkríngdu og önnudust oss, værum vér lítlu nær hjá því, sem undir varatekt vors almáttuga vinar; ó! hvörsu hrehngjandi erum vér ecki ætíd til hennar! Æ! þú ástúdlegasti vinur! vor Gud og fyrir Jesúm forlíkadi Fadir! vyrdstú ad géfa oss sképnum þínum enn þá ný vitni þinnar vináttu og kjærleika. A þúsund afvegi er oss hætt vid ad villast, sem leida kunna oss til töpunar; vyrdstú ad vera vor leidtogi í gégnum þessa heims háska=

semdir, og þegar vér villumst, ad rétta oss þína hjálparhönd ádur enn forgaungum. Þú þeckir grant, ad vér erum fávísar og breiskar manneskjur, sem ecki vitum fótum vorum forrád; vertú því vor rádgjafi. Þú þeckir vandrædin, sem mæta oss í lífinu, og vér sjáum ómøgulegt úr ad greida, æ! frelsa þú oss frá þeim! þínum kjærleika fulltreystum vér til þess, sem enginn manna fær oss veitt, en einkum sannfærast um þína elsku, þegar vér deyum, því þá liggur oss mest á henni. Þegar ættíngjar og vinir vorir standa harmandi vid vora banasæng, og fá oss eckért lidsinnt, lát oss þá finna þína huggun og hjálp, og reyna: ad þó vort líf og sál vanmegnist, ertú einn vort hjartans traust og athvarf eilíflega; en á medan þín forsjón skamtar oss hér æfinnar skeid, vyrdstú ad leida oss, med ástríkri fødurhendi, í lífinu, og kénn oss ad elska medbrædur vora, eins og þú elskar oss, þángad til þú innleidir oss í þau ástudlegu kjærleikans hýbýli, hvar innbyrdis elska á medal þinna útvøldu, mun gjøra oss þeirra sambúd eilíflega yndislega.

30. Hug.

30. Hugvekja.

Elska skaltú náúnga þinn sem sjálfann þig.

Allir vitum vér, að það var einka erindi vors Endurlausnara í heiminn, að gjøra synduga menn sáluhólpna. Með sinni saklausu pínu og dauða, hefir hann fyrir vorar syndir að fullu bætt; með sínum dýrmæta lærdómi hefir hann kénnt oss Guðs vilja til velferðar vorrar; bæði með sinni kénníngu og sínu eptirdæmi hefir hann vísað oss hann rétta veg, sem vér gánga egum í lífinu, með óbreytanlegri ástundun í dygðanna framførum. Én eins og vor Endurlausnari, framar ollu, hefir oss uppþvatt, sem hans sanna tilbydjendur, til að elska meðbræður vora, og auðsýna vora trú með sønnum kjærleiks verkum, svo hefir hann og sjálfur géfið oss hið minnisstæðasta kjærleikans dæmi. Af elsku til mannanna géckst hann fús undir allar lífsins mæður og ørðugleika; af elsku til mannanna leið hann hatur, ofsóknir og umsátur óvina sinna; af elsku til mannanna þoldi hann þær bitrustu píslir og loksins þann háðuglegasta dauða. Engu síður vottaði hann í umgengni sinni hér á jørdunni,

sitt kjærleiksfulla hjartalag vid alla, sem eins í líkhamlegum naudum stadd-ir vóru og leitudu hans hjálpar; med fúsu og viljugu hjarta lét hann sérum-hugadar eymdir þeirra; hann gékk um kríng, gjørdi gott og græddi alla, sem af þúngum sjúkdómum vóru undirok-adir. Þó vér fáum nú aldrei nád fót-sporum þessa vors himneska For-gaungumanns, er þad samt skylda vor, ad keppast eptir ad vera eins sinnadir og Jesús Kristur var, og ad líkjast hon-um svo sem oss fremst audid er; því hann hefir oss dæmi eptirlátid, ad vér skyldum fylgja hans fótsporum; en í hvørju gétur oss audunnara ordid ad líkjast honum enn í kjærleiksfullu hjarta-lagi, og gódgjørdasemi vid þurfandi og naudstadda brædur vora, og þad því framar, sem lærdómur vors Endur-lausnara upphvetur oss, hvørki bædi ydduglegar né alvarlegar til annarar dygdar enn kjærleikans, og hefir þar-hja sérílagi heitid vorum kjærleiksverk-um dýrmætustu umbun. Þú sanni kristni! sem lætur hér annt um, ad feta í fótspor þíns Frelsara, lærdú af hon-um þessa tvøføldu reglu í æfíngu kjær-leiksverka þinna: vertú ætíd reidubú-

inn til hjálpar þurfamanninum, eptir efnum, og það af fúsu hjarta. Minnstu ætíð, þegar vinn nauðstaddi leitar þinnar hjálpar, að nú gefist þér tækifæri að líkjast þínum Jesú; minnstu þá, hversu fús hann var til hjálpar þeim, sem hans leituðu; minnstu, að þú átt með hreinskilnum kjærleiksverkum þínum að votta elskuna til Guðs og Jesú; láttu þér í hug koma, að sá sami Guð skapaði ríkann og fátækann, og að þú, sem hefir efni til að hjálpa vesælíngin- um, áttir ekki meira skilið af Skapar- anum enn hann; láttu þér þá þykja, sem þurfamaðurinn hafi krøfu Guðs til þín um þá aðstoð, er þú mátt hon- um veita; bresti þig efni honum til bjargar, þá leitaðu honum hjálpar hjá øðrum efnugri; fáir þú ekki með øðru bætt úr bøli hans, láttu honum þó í ljósi meðaumkun og holl ráð, sem þú á- lítur best henta hans høgum, svo hann sjái með hvílíkri ást og alúð þú vildir honum til hjálpar koma. Varastu að hrella hann með beiskyrðum eða brigzl- um, því Guð er forsvar ens fróma fá- tæka, sem sjer þitt hjartalag og dæmir þig eptir því. En ef þú, kristni mað- ur! vilt komast sem næst dæmi þíns

Frelsára, þá láttú þér ecki nægja ad hjálpa naudstöddum, sem leita þín, heldur leita þeirra sjálfur; máské þinn þurfandi bródir blygdist vid ad birta þér eymd sína, og einhvørjar orsakir aptri honum frá umqvørtun, svo ad hann einúngis í leyndum frambei sín harmaqvein fyri Gudi, og beidist hans hjálpar; en þegar þú, øllum óvitandi, adstodar þvílíka naudstadda; þegar þú í leyndum afþurkar þessara heimuglegu tár; þegar þú leitast vid ad endurhressa kramid og sorgmædt hjarta, þá máttu heita verdugt verkfæri í hendi Guds, til hjálpar hans naudstøddu vesælíngum, og þó eckért mannlegt auga hafi sjed þín huldu kjærleiksverk, og sért óþecktur af þeim, er þú létst þau í tje, máttú þó gledja þig vid þá umbun, sem Jesús hefir þér heitid, sem meira er verd enn manna þackir eda fánýtur lofstýr, þegar hann á alls holds upprísu degi mun útbýta þér henni med þessum ordum: húngradur var eg, og þú mettadir mig; þyrstur var eg, og þú gafst mér ad drecka; nakinn var eg, og þú klæddir mig; í myrkrastofu var eg, og þu vitjadir mín. Hvad þú gjørdir einum af þessum minnstu, það gjørdir þú

mér; gack nú inn í fögnud þíns Herra!

31. Hugvekja.

Hverr hefir þeckt sinni Drottins? eda hverr hefir verid hans rádgjafi? (Róm. 11).

Hví grandgæfilegar sem vér skodum vort líf, því ýtarlegar sem vér yfirvegum jafnvel þau smásmugleguſtu tilfelli, sem oſs mæta, því undrunarverdari má oſs sýnaſt guddómlegrar forsjónar stjórnun, og vor vegleidsla í lífinu. Satt er þad, ad vér skammsýnar manneskjur vitum eckért fyrifram hvad oſs bera muni ad höndum, eda um hvörja lífsins gledi- eda sorgar-vegu Gudi þócknaſt muni ad leida oſs; en allteins fyri þad, ad þetta er oſs hulid, megum vér prísa vísdóm hans og gædsku. Mundi þad ecki miklu framar spilla enn bæta rád vort, ef ad vér vissum jafnan fyrifram hvad oſs ætti ad mæta? hvörsu óþolinmódir myndum vér þá ecki bída þeirrar luckn, sem vér vissum oſs í vændum? mundi oſs þá ecki miklu minna til hennar finnaſt, þegar vér loksins hreppum hana? Svo færi þad og, ef vér fyrifram þecktum óhamíngju eda ólúns tilfelli, sem fyrir

oss lægi; med ángist og qvída sæum ver þad daglega nálgast oss, og þessi órósemi mundi, ecki ad eins, svipta oss allri gledi af þeirri hagsæld, sem vér nú adnjótum, heldur gjöra oss fyrirsjed ókomid ófall ad lángvinnu og meira mótlæti. Lofadur veri þá Gud! sem hvørt um sig hulid hefir fyrir augum vorum. En þaránmót, ef vér gætum þess, sem nú þegar er vid oss framkomid, og lítum til þess umlidna, hvørsu ljósir verda oss þá ecki vegir vors Guds? vér sjáum þá berlega hvørsu hagur vor og lífskjör stjórnudust opt og tídum þvert á móti því, sem vér stofnudum til, og því, sem bædi vinir og óvinir tilstudludu. Já! þegar vér grant førum ad skygnast eptir þeim lítilvægu orsökum, sem umbreyttu voru ástandi eda áformi, án þess vér gættum þar ad, leidumst vér eptirá til sannfæríngar um, ad gudleg forsjón hafi haft sína hønd þar í oss til ens besta. Af þessu mun hvørr einn fá berlega þreifad, sem med náqvæmri adgætslu yfirvegar sitt umlidna líf, og þad honum mætt hefir á lífsleidinni. Mun ecki, til dæmis: margur af oss sjed hafa eitthvørt ólán eda óheill sveyma yfir høfdi sér, sem annadhvørt óvinir

vorir, eða sjálfra vor óframsýni, eða jafnvel yfirsjón, vóru ollandi, en um leið óttast og qvíðið fyrir henni, og þá í bráð engin úrræði sjeð, til að komast hjá henni? En óvænt, máské eitthvört lítilfjörlegt tilfelli, sem enginn gaf gaum að, mætti opt, af hverju leiddi, að ógæfa sú eða hætta, sem vér meintum oss óumflyanlega, og hvörri vér svo ákaft qvíðum, hvarf á burt, en vér óvænt urðum frelsaðir. Hvörju vildum vér nú tileinka þetta, nema guðlegrar forsjónar stjórnun, sem lét þá lítilvægu orsök aðbera, á þeim stað og tíma, og undir þeim kríngumstæðum, að hún hafa kynni svo heilnæma verkun oss til heilla? Svo margfaldar háskasemdir, sem oss umkríngja í lífinu, hvörjar vér allfærstar þeckjum fyrifram, svo óbreifanleg er oss ósjaldan eptirá forsjónarhönd vors Guðs, sem frelsaði oss opt, fyrr enn vér vissum af þeim háska, í hvörjum vér vórum staddir. Vidlík afskipti hans finnum vér, þegar vér gætum þess, af sérhvörjum högum vors lífs, og að hann æ sjer betur fyrir oss, enn vér sjálfir höfðum vit á; stundum qvíðum vér einhvörju eptirvæntu tilfelli, sem vér álitum oss óhamíngu efni,

og gjörðum allt vort til að fá því afstýrt, en vorir víðburðir urðu til forgefins, tilfellið hitti oss, en í staðinn fyrir að olla oss ógæfu, sem vér qvíðum fyrir, varð það oss til heilla; stundum képptumst vér af öllu megni eptir einhvörju því, sem vér álitum heill vora undirkomna að ödlast, en allir vorir atburðir brugðust, og eptirá lærdum vér að þeckja, að heill vor var að hreppa það ecki, er vér helzt girntumst. Já! hvörsu sárlega qveinuðum vér ecki allopt yfir einhvörri mæðu, sem oss að höndum bar, en þessi sama mæða varð opt meðal til vorrar lucku og gleði síðarmeir. Sárt harmaði Jakob sonar missirinn, en missir þessi varð þó orsök til Jósephs æru og upphefðar í Egyptalandi, hvar hann forsorgaði sitt gjörvalla Föðurhús. Dásamlegir eru því þeir vegir, alvísi Guð! sem þú leiðir oss á í gegnum lífið, allir eru þeir miskun og sannleiki; leið oss því eptir þínu vísdóms ráði, og meðtak oss loksins til æru.

52. Hugvekja.

Allri yðar áhyggju varpið uppá Guð, hann ber umhyggju fyrir yður. (1 Pét. 5).

Ecki er þad einúngis sú ædsta heill vor í þessu lífi, ad mega med sruggu trausti fela oss Gudi, og varpa uppá hann allri vorri áhyggju, heldur er oss þad øldúngis ómissandi í þessum óstødugu heimi, ad trúa almáttugum Gudi fyrir oss og øllu voru rádi; því hvørsu litlu orkar vort veika megn af sjálfs dádum til eblíngar vorri farsæld? Þad, sem vér sækjum akafast eptir, gengur oss úr greypum, allopt jafnskjótt sem vér náum því, og þó vér á stundum ødlumst þad vér eptir sækjum, verdur þad eins opt ad minnstri heill, hvørju vér mest treystum; svo veikir eru vitsmunir vorir og kraptar. En samt ber oss ecki ad vera afskiptalausum um vora tímanlegu velferd, og vænta alls af forsjón Guds, án þess sjálfir ad leggja þad fram sem í voru valdi stendur, til hennar eblíngar. Skaparinn hefir innplantad sálu vorri laungun eptir farsæld og ánægju, skynsemi og frjálsrædi hefir hann þar til gefid oss, ad vér eptir þeirra rádi og tilvísun, velja skyldum þau medøl, sem best mættu þéna til hennar eblíngar. Þad er oss þessvegna ecki einúngis leyfilegt, ad keppast eptir velgengni med øllum leyfilegum atburdum, held-

ur er þad skylda vor, og mótstrídir engannveginn því bodi, sem býdur oss ad varpa allri vorri áhyggju uppá Gud; því ad vænta hjálpar af forsjón Guds, þegar vér sjálfir afrækjum þau medøl, sem skynsemin býdur sérhvørjum heilvita ad brúka sér til góds, er ógrundad traust, og hefir eckert fyrirheit. Enn jafnvel þó vér þannig séum skuldbundnir ad leita luckn vorrar, verdum vér æ þess ad gæta, hvørsu oss er villuhætt, svo vér þess vegna fáum ecki med vissu sagt um neitt stundlegt, hvørs vér óskum oss, ad þad sé fortakslaust naudsynlegt til vorra heilla; því hvørsu skammsýnir erum vér, um biltíngu og afleidíngu ókominna tíma, sem í svip breyta mega øllu hlutanna ástandi? Reynslan sannar svo opt, ad þad sem vér, eptir bestu vitsmunum, meintum oss í dag gott og gagnlegt, verdur oss á morgun ad óheill, og þá lærum vér fyrst ad þeckja vora skammsýni; já! vér finnum ósjaldan hvørsu ónógir vér erum sjálfum oss, til ad sjá og ráda fyrir óvæntum tilsellum, sem mida til heilla vorra eda óheilla; og hvad ætti þá heldur, enn þessi eigin reynsla, ad fá oss leidda til ad varpa uppá Gud allri áhyggju vorri,

enn képpast ætíd, þó med varúd, eptir jardnestri luckú, enn þótt hún vyrdast mætti girnileg, og aldrei med óleyfilegum medølum, heldur fela á hans vald, er øllu stjórnar, og einn þeckir, allt útfall vorra leyfilegu atburda, og treysta því, hann ber umhyggju fyrir oss, hann þeckir og grant hvad oss, sem lítum optastnær einúngis á þad nálæga, best hagar; hann skortir ecki heldur vilja og mátt til ad efla vorar heillir. Hvørsu fúsa má þá ecki þessi trú til Guds gjøra oss, til ad varpa allri vorri áhyggju uppá hann, og fela í hans vald øll vor efni, hvørt sem oss gengur ad óskum og atburdir vorir heppnast eda ecki; og hvør lífsregla ætti þá heldur ad vera oss hugfastari enn þessi: Fortakslaust vil eg ecki óska mér þess, sem mer er kjærast; ecki vil eg telja mig ósælli fyrir þad, þó eg ecki fái ætíd minn vilja; aldrei skal eg mogla á móti mínum Gudi, þó hans rádstafan á høgum mínum og tilfellum, verdi ødruvísi enn eg kaus og óskadi mér; eg veit hann er minn vísi og allrabesti Fadir, og ad eg er hans barn; síst ber mér vid hann ad ásforda, hvørninn hann efla skuli h.ill mína; því viss er eg um hans mátt og

vilja til þess; þar uppá voga eg ad reida mig í lífi og dauda; eg skal því vera ánægdur med hvad helzt hann lætur vid mig framkoma. Þessum vorum almáttuga og besta Födur einum, verdum vér deyandi ad trúa fyrir sálu vorri og eilífri velferd; því skyldum vér þá ecki eins trúa honum fyrir lífi voru og þess naudsynjum og óhultir várpa uppá hann allri vorri áhyggju, þáred hann ber umhyggju fyrir oss?

33. Hugvekja.

Það er eilíft líf, ad þeir þecki þig einn sannann Gud, og þann þú sendir, Jesúm Krist.

Sú mesta heill vor daudlegra manna hér á jördu, er vissulega þessi: ad þeckja Gud réttilega; en ef vér ná viljum þessari þeckíngu oss til sannra nota í lífinu og oss til sáluhjálpar, þá ber oss ad leita hennar þannig og med þeim medölum, sem þar til eru líklegust, eru þau fyrst: ydugleg umgengni med Gudi í gudrækilegri og trúadri bæn, vid hvörja vor sála kémst, svo ad segja, í náqvæma sameiníngu vid þann ósynilega og almáttuga Gud; því hvört heldur sá sannkristni, í naud eda háska staddur, framber sínar andvarp-

anir og harmatølur fyrir sinn himneska Fødur, ellegar med hrærdu hjarta fær-ir honum lofgjørd sína og þackláti, fyr-ir þáda velgjørnínga, og hans dásam-legu vegleidslu í lífinu, nema þó gjør-vallir hjartans þánkar hans bidjandi sálar stadar hjá Gudi, sem hún setur sér fyrir sjónir, eins og hann nálægur væri, og sem þann, er þeckir sérhvørn sinn hjartans þánka, viti alla sína þørf og álíggjandi naudsýn, og sé kíka ætíd fús til ad hjálpa úr sérhvørri neyd. Vid Gud sinn talar þessi bidjandi kristni, med sømu frómu hjartans ein-feldni og øruggri trú, sem gott barn talar vid dygdaríkann Fødur; hann vyrdir fyrir sér óteljanlega velgjørn-ínga síns Guds, sem hann þyggur, á-samt svo mørgum ødrum medbrædr-um sínum, og gledur sig af því, ad vita sem flersta verda þeirra adnjótandi; svo ad sem flerstir megi vid þá upp-ørfast til ad elska og vegsama ásamt sér, þann miskunarríka mannanna velgjørara, sem hann veit ad hefir nógann vilja og mátt, til ad útbýta svo margvíslegri blessun sérhvørjum, er honum best hagar. Af þvílíkri ydd-uglegri umgengni vid Gud í bæninni,

lærum vér og ad þeckja hann rétt, oss til sannra nota; vér fáum þá sjálfir ad reyna, ad øll góð og øll fullkomin gjøf kémur frá honum, og. ad hann hefir fødurlega medaumkun med sínum naudstøddu børnum. Hans miskunarríki kjærleiki og vísdómsfulla forsjón, verdur oss því tilbeidsluverdari, sem vér betur komumst ad raun um það, hvørsu dásamlega hann stjórnar vorum lífstilfellum og hvørsu náqvæmlega hann lætur sér umhugadar vorar þarfir; en þó náum vér enn þá fullkomnari þeckíngu á Gudi, þegar vér venjum oss til, ad setja øruggt trúnadartraust til hans nádar. Ad þeckja Gud og eginlegleika hans einúngis eptir því, sem vor mannlega skynsemi fær ímindad sér þá, verdur oss samt fyrst huggunarríkt, eptir þeirri ávísun, sem Jesús, syndaranna Forlíkunarmadur, hefir sjálfur gefid oss, því hann hefir kennt oss ad þeckja hann, sem vorn forlíkada Fødur, sem þann, sem ætíd er fús og reidubúinn til ad fyrirgéfa oss vor afbrot, þegar vér ydrumst þeirra af hjarta og snúum oss til hans; því meiri og fleiri sem vér þeckjum vorar syndir, því framar sannfærumst vér um miskun vors Guds,

sem vill samt taka oss svo brotlega til náđar, og þar af leiđir það náttúrlega, að vor kjærleiki til hans verður því heitari, sem vér þeckjum betur að oss er meira uppgéfið; því framar kappkostum vér og framvegis að framgánga með óflekkaðri samvitsku, svo sem fyrir hans alsjáandi augliti, og þetta samvitsku viðqværna framferði er, auk þessa, enn þá nýtt meðal til að læra betur að þeckja Guð. Þessi vor samvitska, sem er vottur alls þess, er vér aðhöfumst, á sífellt yfir því að vaka og gæta þess, sem Guði er þóknanlegt; þar af vitum vér, segir Guðspjallamaðurinn Jóhannes, að vér þeckjum hann, ef vér höldum hans boðorð; hvørr sem segir: eg þecki hann, og heldur ecki hans boðorð, sá er lygari, og enginn sannleiki er í honum. Þegar sú innilega laungun eptir að þócknast Guði, stjórnar gjørvøllum athöfnum vors lífs og voru hugarfari, þá heitir það fyrst, að vér þeckjum Guð rétt, oss til sannra nota, því þá verður sú þecking oss til sálargagns bæði hér í tímanum og síðan í eilífðinni. Þar, ó vor Guð! munum vér enn fremur sannfærast um: að það er eilíft líf, að

þeir þeckí þig einann sannann Gud, og þann þu sendir Jesúm Krist.

34. Hugvekja.

Oss lángar, med sjálfum oss, eptir ósfabarna réttinum, og vér væntum eptir lausn vors líkama. (Róm. 8.)

Sérhvørr, sem vyrdir fyri sér med náqvæmri athygli ásigkomulag mannlegs lífs, má játa sanna afmálun þá er Móses gaf fordum: þegar lífid er sem kostulegast, er þad mæda og erfidi; því hvørr er sá daudlegi, hvørn stødugt telja megi fríann frá allri lífsins mædu, hvørt sem hann á ad sér mikid eda lítid? aldrei er hér í heimi ad stóla uppá støduga lucku, hennar hverfula hjól snýst svo ódt um kríng, ad ecki má auga ásesta. Sá sem í dag heldur sig óhultann hvíla í luckunnar skauti, má opt ad nærsta dags morgni finna sig umvafinn eymdum; og þó menn héldu sig óhulta fyrir þvílíkum luckunnar biltíngum, má þó jafnvel qvída, ad daudann, sem enginn fær umflúid, muni adbera þegar minnst varir, og ad hann giøri snøggann enda á lífinu og allri þeirri ánægju, sem menn nutu hér af svipulum heimsgædum. En hvad er þá til, sem

gjørt fái oss líf þetta æskilegt? má ecki um það og allt stundlegt segja með Salómoni: að það sé eintómur hégómi? Já, víssulega mætti það lítilsverdt heita, ef að vér ættum oss enga ædri, enga stødugri lucku í vændum, heldur enn þá, sem oss er kostur géfinn á að njóta af fallvøltum munum þessa heims; og ætti vor tilverutíð með øllu þrotin vera, að endudum þessum fáu, en opt mæduswømu hérvistar = døgum; vér mættum þá vesælastir heita allra Guds sképna, eptir Postulans atqvædi, ef að vér vona ættum á Gud einúngis fyrir þetta skammvinna líf. Að sønnu hafa fornalda Spekíngar mørg líkleg røk til þess leidt, að sálin ecki deya mundi þó líkaminn dæi, en enga almenníngi áreidanlega og fullvissa ástædu hafa þeir þar um talid. En lofadur veri Gud, sem um þetta mikilvæga efni hefir géfid oss, til gledi vorum ódaudlegu sálum, skírari fullvissu, enn mannleg skynsemi féck ádur uppgøtvad; Jesús Kristur, heimsins mikla ljós, sem af Gudi var í heiminn sendur til að upplýsa alla menn, hefir lífid og ódaudlegleikann í ljós leidt. Hann hefir opnad oss sjónir á því, sem hulid

var daudlegra manna augum; lærdómur hans sannfærir oss þar um, ad þetta líf sé einúngis ad álíta, sem byrjun eda undirbúníng vors eginlega lífs, eins og vor barndóms aldur, á hvørjum vér búast egum undir miklu dýrmætara líf, sem tekur þar vid, er þetta þrýtur, en sem þadan af skuli engann enda taka. Þessi lærdómur kénnir oss, ad sála vor, sem ódaudleg vera, egi fyrir höndum ad flytjast inní endalausa eilífd, en líkaminn endurlífgadur, af grøfinni á sídan upprisinn, sálunni á ný sameinadur, ad taka eilífa hlutdeild í þeim kjørum, sém sálunni eru veitt. Tvennslags ástand hefir þessi sami Jesú lærdómur opinberad oss, ad øllum daudlegum sé fyrirbúid í þessari eilífd, sem sérhvørjum áqvardast skuli, eptir því, sem hvørr einn hafdi sig undir hana búid, á medan hann lifdi hér í heimi, því ómetanlega farsæld egi þeir í vændum, sem med þolinmædi stundad hofdu í gódum verkum, ad gjøra sig hennar verduga, en hormúng og hrellíngar muni þeirra hlutfall verda, sem illa breyttu. Um eilífdarinnar farsæld, sem útvøldum fyribúin sé, hefir Jesú lærdómur aéfid oss skíra undirvísun og gledilega afmál-

un, sem nægja má oss til uppørfunar kappsamlega ad astunda, ad gjøra oss hennar verduga, sømuleidis oss til hugg-unar á lífsins mædudøgum, en einna helzt vid adkomu daudans; því ecki ein-úngis hefir vors Endurlausnara lær-dómur opinberad oss þess sæla lífs á-sigkomulag, sem bídur dygdugra manna, heldur og kénnt oss, hvørnig vér hér í lífi ættum ad búa oss svo verduglega undir þad, ad vér mættum þess njót-andi verda, med því trúlega ad breyta eptir lífsreglum þeim, er hann fyrilagt hefir sérhvørjum kristnum, sem sálu-hólpinn vilji verda. Hann krefur því, ad vér venjum oss af løstum, sporn-um vid sérhvørri syndugri tilhnegíng, hreinsum oss af øllum holdsins og and-ans saurugleika, en leggjum alla alúd á framfarir í rádvendni og dygdum, svo vér fáum gjørt vora útvalníngu vissa. Reynslan hefir kénnt oss ad þeckja þess stutta lífs fallvalta hégóma og forgeng-legleika, en gudleg opinbérun eilífdar-innar endalausu farsæld, og því skyld-um vér þá ecki láta oss annt um ad ødl-ast hana, og heldur kjósa ad tara á mis vid sérhvørja sæld þessa heims, enn ad missa vonina um eilífdarinnar sælu,

sem oss er gefinn kostur á sídan ad hreppa? Von þessarar dýrmætu sælu gjøri oss því óþreytanlega í verkun vorrar sáluhjálpar, og styrki oss í lífi, lídun og dauda.

35. Hugvekja.

Aminnir nockurr, sá hyggi ad þeirri áminníngu.

Þad dýrmæta kjærleikans bodord, sem býdur oss ad elska náúngann eins og sjálfa oss, innibindur líka skyldu þá, ad vér skulum ala ønn fyrir brædra vorra andlegu og líkamlegu heillum, eins áhyggjusamlega og vorum egin. Allir þeckjum vér skyldu vora, ad hjálpa naudstøddum brædrum vorum í uppáfallandi vandrædum þeirra, svo framt vér høfum efni og tækifæri til; en þar med høfum vér þó enganneginn fullnægt þessu kjærleikans bodordi, sem býdur oss því meiri umhyggju ad bera fyrir brædra vorra andlegu þørfum, sem eilíf velferd þeirra er þessari tímanlegu mikilvægari. En hvørsu fáir gæta nú skyldu þessarar? almennt halda menn sig hafa fullnægt náúngans kjærleiks-skyldu, gefi þeir svaungum ad eta, kasti flýk á þann nakta, eda gefi þurfamønnum ølmusu í gódri

meiníngu, máské áſtundum óhaganlega eda þeirra ſanna áſtandi lítt kunnugir; en ad leida þann á réttann veg, ſem villtur fer, ad advara og áminna þann, er í løſtunum anar, ſem blindur, fram til egin ólucku, þad áiíta menn ſkyldunni midur vidkomandi, og þó er þad Guds útþryckilegt bodord: ſtraffa þú, þeitir þad, bródur þinn, ſvo ad þú berir ecki ſkuld hans vegna; þad er Jeſú lærdóms bod, géfid ſérhvørjum kriſtnum: ef madur verdur á einhvørn hátt af nockrum breſti yfirfallinn, þá leidréttid hann med hógværum anda. Vér høfum þar um enn framar Jeſú egid dæmi, ſem oſs er ſett til eptirbreytnis; hann lét ſér ecki nægja, ad metta húngrada, ad lækna ſjúka af allsháttar kránkdæmi; nei! andlegar meinſemdir manna lét hann ſér í meſtu rúmi liggja. Hann kénndi fáfródum, leiddi þá á réttann veg, ſem villtir fóru, advaradi og áminnti ſyndugu, og vardi allri áhyggju til þeirra betrunar. Ef aþ þú, kriſtinn madur! vilt hér í breyta eptir Frelſara þínum, þá láttú þér vera annt um, ad fá bródur þinn, ſem þú ſjer villuráfandi, leiddann aptur á réttann veg, áminnt hann og advarad vid

háska þeim, sem þú sjer hann stofna sér í með framha'di á lastanna vegi. Viljir þú samt vænta þér, með advørun og áminníngum þínum, ad fá hann til betrunar leiddann, máttu gæta þess, ad haga þ.i.n vel og forsjálega, ætíd med varhygd og gætni. Sjálfselskan er þess ollandi, ad menn almennt afsaka eda dylja lýti sín og ávyrdíngar, bædi fyrir sjálfum sér og ødrum; vilja því optast sýnast betri, enn þeir eru í raun rettri, hvar af leidir, ad mønnum er eckert vidqvæmara enn ad adrir hræri vid brestum þeirra, einkanlega þeim, sem þeir eru af náttúru hneigdir til, og eru þeim því med lángri æfíngu kjærir vordnir og ad vana. Ef þú þess vegna stundar ad fá bresti þíns krasada bródurs lagada og hann betradann med áminníngum, máttu varast ad brúka vid hann beiskyrdtar ádeilur, heldur byrja þær ætíd med hógværd og blíolyndi; ber þér því fyrst ad leitast vid ad ávinna þér ást hans og traust, um hvad þú mátt gjora þér von, þegar þú sær hann þar um sannfærdann, ad einúngis laungun eptir hans velferd leidi þig til ad lagfæra hans bresti og fá hann vaninn af þeim. Med jafn=

blídri adferd áttí ad setja honum fyrir sjónir, í hvílíka ógæfu hann steypi sjálfum sér med framhaldi á lastanna vegi, og gjøra honum audsjena ógæfu þá, sem fyrri eda seinna þar af leida muni, en undir eins ber þér alúd ad sýna, ad honum verdi eins skiljanlegt, hversu hollt og naudsynlegt honum verda megi, ad láta af íllu en læra gott ad gjøra. Fáir þú med þesshàttar fortølum bródur þinn leiddann til apturhvarfs, þá útmála einnig fyrir honum, ad þó ordugt finnist ad afneita sjálfum sér og afleggja gamlann synda vana, þá sé sigur yfir sjálfum sér allra veglegastur; en þó honum finnist dygdanna vegur sem hann nú ásetji sér ad feta, gagnstædur gedslagi hans, og þyki þrí ordugur, þá sé þad ecki nema fyrst í stad, en æfíngin gjøri hann audfarnari. Þess vegna, til ad gjøra hann fúsari ad fylgja heilrædum þínum, er æ hentugt ad leida honum, ecki eimíngis sjálfra dygdanna ágæti fyrir sjónir, heldur og þá dýrmætu umbun, sem dygdum er heitin í þessu og komanda lífi, og sem eru jafn dýrmæt og æskileg, sem ófarir þær, er af løstum leida, mega óttalegar verda sérhverjum skynjandi manni, sem man

til eilífdarinnar. Sæll ertú, kristni madur! heppnist þér ad fá med þessu móti afvega arinn bródur þinn á rétta leid; því hverr, sem syndaranum snýr frá villu hans vegar, hefir frelsad ønd frá dauda; og mun hylja fjølda synda.

36. Hugvekja.

Sløkkvid ekki Andann. (1 Thess. 5).

Ekkert gott tré ber skémmdann ávørt, og ekkert skémmt tré gódann ávørt. Menn samanlesa ekki fíkjur af þyrnum, ekki heldur vínber af þistlum. Gódur madur framber gott af gódum sjód síns hjarta, og íllur madur íllt af vondum sjód síns hjarta, sagdi Jesús fordum til Gydínga-fólks; og er þad mála sannast; því girndir og athafnir vorar hafa sín fyrstu upptøk frá hjartalaginu. Sá, hvørs hjarta er gott, gjørir góð verk, en hinn, er vondann mann hefir ad geyma, fremur fúslega íllt, eptir því, sem hans innvortis hjartalag er bætra eda verra til; ad minnsta kosti gjørir hann fátt þad, sem í raun réttri getur gódverk heitid; þess vegna er allt undir því komid, ad hjartalagid sé gott. Sá, sem vill skirrast vid íllt, án þess ad bæta hjartalag

sitt, hann má heita ad byggi hús sitt á sandi. Enginn er af náttúrunni allskosta gódur, og enginn ad øllu leiti vondur. Pad er því skylda sérhvørs, sem gódur vill vera, ad efla og styrkja hjá sér þær gódar tilhnegíngar, sem hann af náttúrufari er hneigdur til, en dempa hinar vondu, og er jafnmikil þørf á hvørju um sig, því heldur, sem jafnvel gódar tilhnegingar kunna vid forsómun þessarar skyldu, audveldlega ad nidurþaggast. Svo sýnir reynslan, ad einatt fari hjá þeim, sem ecki lætur sér annt um, ad vidhalda og efla hjá sér sanna mannelsku; úr hjarta hans upprætist hún smásaman, því áminnir Postulinn Páll ecki ófyrirsynjuþá thessaloniísku menn: ad útslockva ecki Andann; þad er ad segja: ad útrýdja ecki úr hjarta sínu því kristilega hugarfari, vegna hvørs vér vogum ad kalla Gud vorn fødur, og sem er pantur uppá arfleifd vora á himnum. Mfrid mikid ridur oss því á, ad rótfesta og stødugum vidhalda þessum Krsts anda í vorum hjørtum, og láta hann stjórna øllum athøfnum vors lífs. Pá má þad heita ad Gud búi í oss, og vér í honum. En fyrst og fremst liggur oss á, ef vér

temja viljum oss þetta gudlega sinnis=
lag, rétt ad þeckja sjálfa oss og vorar
tilhnegíngar, ætíd styrkja hjá oss bet=
ur og betur þær gódu, en nidurþagga
þær vondu, og þared almennur mann=
kjærleiki er einn af þeim dygdum, sem
eptir Krists lærdóms bodi prýda á sér=
hvörs kristins manns hjarta, egum
vér ad láta oss annt um, ad nidur=
kéfja þær tilhnegíngar, sem henni géri
til hindrunar vordid. Missktilin
sjálfselska er þess allopt ollandi, ad vér
lítum framar eptir voru egin enn ann=
ara gagni, og afrækjum þess vegna
eins opt skyldu þá, sem oss ber ødrum
ad audsýna, jafnvel verdur sjálfselskan
tídum undirrót margra lasta, einkum
ásetinis, ránglætis, ofundar, mann=
haturs, og enn fleiri ódygda, hvörjar
allar eru gagnstædar Krists bodi, sem
býdur oss ad elska adra eins og sjálfa
oss. Því skadlegri sem þeir lestir eru,
sem ránglkilin sjálfselska af sér fædir,
því framar ber oss ad láta oss annt
um, ad fá henni rétt stjórnad, med því
ad rótfesta hjá oss sannann mann=
kjærleika anda, sem vid sérhvørt tæki=
færi láti sig í ljósi. Þess vegna er oss
áríðandi, ádur enn óleyfileg ezingirni,

sem aubveldlega kann nidur ad kjæfa manneiſku tilhnegíngar í voru hjarta, verdur hjá oſs ad vana, ad venja oſs á, ad unna ødrum eins og oſs ſjálfum, og ſtudla til þeirra gagns, ſem vors egin. Aldrei megum vér því leita eginn ávinníngs vors eda frama ødrum til tjóns eda nidurdreps, né á nockurn hátt ad verda þeim ollandi ſorgar eda hugar-ángurs med ordum eda verkum; heldur egum vér, eptir ſama kjærleikans bodi, ad bera medaumkun med lídandi brædrum vorum og létta af mætti undir þeirra mædu-byrdi, en fagna yfir velgengni þeirra, jafnt vorri egin, þá fullnægjum vér bodordinu, ad fagna med fagnendum og gráta med grátendum. Þeſsa elſku og kriſtnum verduga hjartalag egum vér ad audſyna í blydri umgengni med brædrum vorum. Þetta er hin viſsa rökſemd fyri því, ad vér ſéum ſannkriſtnir, og vottum hlýdni vora vid Jesú bodord: elſkid hverr annann innbyrdis, þar af þeckja allir, ad þér erud mínir Læriſveinar.

37. Hugvekja.

Augad má ecki ſegja höndinni: eg þarf þín ecki vid,

né höfudid fótunum:' eg þarf yckar ecki vid. (1 Cor. 12).

Náttúrunnar nidurrødun hefir Skaparinn þannig hagad, ad eckert er sjálfbjarga eda einfært sjálfu sér til vidhalds, svo þad samsvarad fái áqvørdun sinni, án þess þad njóti þar til styrks af ødru. Til dæmis ad taka: ef gras og jurtir ega ad dafna á jørdunni, verda þær ad frjófgast af loptsins vøkva og sólarinnar hita. Náttúrleg tilhnegíng hvetur sérhvørja lifandi sképnu til ad ala ønn fyrir uppeldi afqvæmis síns, uns þad er sjálfbjarga ordid til ad leita sér lífs uppheldis. Þanninn vidheldst náttúran óumbreytt, eptir Skaparans áqvørdun í øndverdu, ad allt skyldi studla til vidurhalds því gjørvalla. Allt eins og Skaparinn hefir í náttúrunni øllu þanninn nidurradad, eins hefir hann og ætlad til ad sama vera skuli í mannlegri sambúd í heiminum, svo ad enginn má kallast sjálfum sér fullnógur án annara adstodar, heldur þarf hvørr ad styrkja annann, og sérhvørr gjøra sitt til almenníngs heilla, undir eins og hann eblir sína egin. Án þessa fær eckert mannlegt félag stadist eda ordid farsælt.

Í þessu tilliti áminnir Krists lærdómur oss, ad vardveita bródurlegann kjærleika innbyrdis vor á milli, ad breyta eins vid adra og vér óskum ad adrir breyti vid oss. Páll Postuli býdur enn framar: ad vér skulum álíta oss alla, sem einn líkama, og hvørr annann eins og limi ens sama líkama, sem einkis lima sinna megi án vera; augad megi því ecki segja: eg þarf þín ecki vid, eda hofudid fótunum: eg þarf yckar ecki vid. Serhvørt stand vidþarf annars, eckert má hins án vera, allir limir borgaralegs felags ega því med sameinudum kroptum, ad styrkja til sameginlegs gagns; en þá hlýtur sérhvørr limanna, eptir efnum sínum og ástandi, ad leggja þad fram, sem í hans valdi stendur, til ad ná sama augnamidi. Þeir, sem ráda løndum og ríkjum, ega ad gefa þau løg, sem mida til almennings heilla; løg, sem haldi þeim óhlutvanda í taumi, aptri þeim ríka frá ad undiroka fátæklínginn og ad áseilast hann, fyri-byggja alla rángsleitni og ofríki. Allteins er þegnanna skylda, med audsveipni ad sýna yfirbodaranna løgum og bodum, sem mida til almennrar farsældar, skylduga

hlýdni, ecki einúngis varast øll lagabrot, heldur og gjalda med fúsum vilja þad, sem løgin sérhverjum bjóda, og þarhjá gjøra allt, sem í þeirra valdi stendur, samqvæmt laganna tilgángi, til heilla eflíngar síns Føðurlands. Þessarar skyldu fær sérhverr gætt, í hverju helzt standi hann er. Til þessa midar einkum, sem øllum ber ad íhuga: kristileg, skynsøm og sidsamleg húsśstjórn, gudrækilegt barna uppeldi, svo þau med aldrinum verda megi sér nytsøm og ødrum uppbyggileg. Til þess midar dygd og hollusta hjúa, er stunda ega gagn sinna húsbænda, hvørt þeir eru nær eda fjær. Til almenníngs heilla ega þeir efnugu ad studla med því, ecki einúngis, ad Postulans bodi, ad gefa og útbýta, þared þvílíkt offur þócknast Gudi vel, heldur og hjálpa med forsjálni til þess, ad fátækir fái hentugleika til, hvørr eptir hans ástandi og kroptum, sjálfir ad afla sér atvinnu, svo ad þeir ecki þurfi uppá adra vera komnir, eins og þessir eru skyldugir til, eptir sama Postula bodi, ad því leiti þeir megna, ad vinna sjálfir fyrir braudi sínu; því húsgángsmenn og letíngjar ega ecki mat ad fá.

Hanninn sjáum vér nú, ad hvørr og einn, af hvørju standi sem hann er, fær studlad til almenníngs hagsælda. Hvad einn ecki orkar, megna fleiri med sameinudum kroptum, ef allir eru samhuga í ad styrkja hvørr annann, allteins og sérhvørr limur á sama líkama (sem einkis þeirra má án vera), studlar til alls líkamans vidhalds og þarfar. Enginn má því gleyma héradlútandi Postulans Páls áminníngu: ad sérhvørr gæti ecki einúngis ad sínu gagni heldur og ad annara. Med þessari vidleitni breytum vér samqvæmt vorri kristinndóms skyldu.

38. Hugvekja.

Á Páskum.

Kristur, sem dó vegna vorra synda, er uppaptur risinn á þridja degi, eptir Ritníngunum. (1 Cor. 15.)

Á aflidnum Føstu-tíma høfdum vér þad lærdómsríka efni fyrir høndum, ad hugleida vors Endurlausnara Jesú pínu og dauda, en nú býdst oss nýtt og gledilegt, þar sem oss nú bodast: ad sá sami Jesús, sem med bitrustu qvølum lét sitt líf á krossinum, Føstudaginn næstann fyrir Páska-

hátídina, og var þar eptir greftradur, sé á Páskadaginn, hvørn vér höldum í dag, endurlífnadur og úr grøfinni uppriſinn. Engin fregn gat oss géfist gledilegri né huggunarríkari enn þessi: ad vor Endurlausnari, sem fyrir oss dó, sé uppriſinn frá daudum; því þessi bodskapur: ad Jesús, sem dó á krossinum, sé endurlífgadur og aptur uppriſinn, leidir oss til þeirrar fullvissu:

1. Ad vér syndugir menn, séum forlíkadir vid Gud, og af honum teknir til nádar; vér vitum ad gjørvallt mannkyn hafdi afvega gengid, og því fallid í ónád vid Gud, og undirorpid því straffi, sem réttlæti hans krafdi ad gánga skyldi yfir afbrotamenn hans bodorda, en miskunarríkur Gud, sem af hjartgróinni ást til hans skynsömu, en breisku skepna, aumkadist yfir þess fallna mannkyns eymd, fann því og gaf vesælum syndurum til frelsis, þad dýrmætasta hjálpar-medal í sínum elskulega Syni, sem sjálfur vitnar: ad Gud hafi svo mjøg elskad heiminn, ad hann hafi Son sinn útgéfid fyrir hann, til þess, ad allir þeir, sem á hann trúa, eckl skyldu fyrirfar-

ast, heldur eignast eilíft líf. Jesús píndist og dó, eins og Ritníngin vitnar, eptir Guds frá eilífd áqvardada rádi, til frelsis sekum syndurum; þad straff, sem þeir höfdu verdskuldad, leid hann svo sem syndaranna borgunarmadur, sjálfur saklaus, og á sálu og líkama, í vorn stad, bitrustu qvalir og krossins dauda; en til þess, ad syndugur heimur ødlast mætti efalausa fullvissu um, ad þad synda offur, sem Jesús þannig frambar fyrir þá seku, væri af Gudi, sem fullnustu krafdi af þeim syndugu fyrir afbrot þeirra, gyldt metid, hlaut sjálfur Gud þessa fullvissu ad gefa, og þana gaf hann þá ósanleguslu med því, ad uppvekja Jesúm frá daudum; þar med auglýsti hann, ad hann ánægdur væri med þad offur, sem Jesús framborid hafdi fyrir mannanna syndir, og ad hans réttlæti væri þar med fullnægt; ad hann, vegna Jesú pínu og dauda, sem hann leid í syndugra manna stad, væri vid þá forlíktur, og ad hann fullgylda tekid hefdi þá borgun, sem hanninn útlagt hafdi þeim til frelsis; því vitnar Páll: Gud forlíkadi heiminn vid sjálfann sig fyrir Krist. Þannig hefir þá sjálfur Gud med síns Sonar

Jesú upprisu, gésid oss, sem á hann trúum, ósefánlegustu fullvissu um qvittun vorra synda, fyrir hans skuld, sem dó fyrir bær, og uppreis oss til réttlætis. Nú vitum vér, ad eckert er fordæmanlegt á þeim, sem í Jesú Kristi eru, þeim, sem ecki gánga eptir holdinu, heldur eptir andanum. Nú kunnum vér trúar-øruggir ad undirtaka med Postulanum: hvørr vill áklaga Guds útvalda? Gud er sá sem réttlætir; hvorr er sá, sem fordæmir? Kristur er sá, sem dáinn er; já, enn miklu framar sá, sem upp aptur er risinn, situr á hægra veg Gudi og bidur fyrir oss.

2.) Jannann máta géfur Jesú upprisa oss fullvissu um, ad vor trú á hann sé efalaust grundvøllud, því vér vitum nú, ad þared hann er upprisinn og setur á hægri hønd Gudi, gétur hann haldid øll þau heityrdi, sem hann gésid hefir sínum trúudu. Øll vor von um þeirra uppfyllíngu, hefdi á engum føstum grundvelli hvílt, ef vér ecki hefdum þá fullvissu, ad hann væri þess megnugur; øll vor von og trú á Krist væri þá, eins og Postulinn Páll vitnar, ónýt, ef hann væri ecki frá daudum upprisinn, því hvornig gæti hann þá, eptir sínu

lofordi bedid sinn himneska Fødur fyrir oss? hvørnig þá vardveitt sína kristni og verid hjá oss til veraldar enda? en nú, fyrst hann er frá daudum upprisinn, vitum vér ad øll hans fyrirheit eru óefanleg, og ad oss er óhult ad fulltreysta þeim. Hann er nú hjá Gudi og bidur fyrir oss, og gétur gjørt þá sáluhólpna, sem fyrir hann koma til Guds, vér vitum ad hann lifir eilíflega, og ad maktin og ríkid er hans.

3.) Í þridja lagi høfum vér orsøk til ad gledjast af Jesú upprisu vegna þess: ad hún géfur oss ecki einúngis óefanlega fullvissu um sannleika Jesú lærdóms, heldur einnig um vora egin upprisu og nýtt líf ad þessu endudu, eins og Jesús hefir oss kénnt. Þad, sem þeir vitrustu heidíngar eptir óskudu, en leiddu þó ad eins í gétgátu, ad líf væri til eptir þetta, þad hefir Jesú upprisa, til fagnadarsællrar gledi sérhvørri ódaudlegri sálu, gjørt óefanlegt. Jesús hefir oss þetta ecki einúngis med ljósum ordum kunngjørt, heldur hefir hann enn fremur sýnt og sannad med sinni upprisu, ad þetta, sem mannviti voru sýndist ómøgulegt, ad endurlífga og uppvekja af grøfunum dauda lík-

ami, var, fyrir hans almættis krapt, mögulegt. Jesú uppríſa, eins og lærdómur hans, fullvíſsar um, ad sú dymma gröf skal á sítan skila aptur þeim dauðu, sem í hana vóru lagdir. Hvílík gledisjón opnast oss ecki hér, dauðlegum mönnum? Jesús er uppríſinn og lifir; vér egum einnig ad uppríſa og endurlifna; hvörsu gledirík má oss ecki vera þessi fagnaðarsæla fullvíſsa? nú burthverfur sérhvörri trúadri sálu allur ótti fyrir dauda, gröf og forrotnun, sem oss dauðlega qvelja mátti vid daudans adkomu. Ecki festum vér nú lengur auga á þessu óstöðuga og stútta lífi; ecki á gröfinni, sem vér egum ad leggjast í; ecki á þeim lánga svefni, í hvörjum vor líkami á þá í kyrrdum ad hvíla; nei, nú lítum vér glödu, vonarfullu auga framyfir allt þetta, og festum þánkana á því, sem í vændum er á sídan. Ad lidinni þessari dymmu daudans nótt, upprennur ljómandi morgunrodi, sem bodar oss fagnaðarsælann gledidag hins komanda nýa lífs, til hvörs vorir sumu líkamir, sem í jördunni hvíla, skulu med almættis krapti þess, sem skóp þá í öndverdu, endurlífgadir uppríſa, og

njóta endalausrar sælu, í eilífum sambúdum med vorum Endurlausnara og øllum hans útvøldu. Jafnvel þó vér, á medan vér íklæddir erum þessum daudlega líkama, ecki fáum gjørt oss fullskíra hugmind um þessa komanda lífs sæla ásigkomulag, þared Ritníngin útmálar oss þad einúngis í samlíkíngum, sem teknar eru af því veglegasta og girnilegasta, sem vér þeckjum hér í lífi, efalaust þess vegna, ad eginleg útmálun þess hefdi verid oss ofhá og óskiljanleg, er oss engu ad sídur, eptir Jesú Krists lærdóms opinberun, svo mikid bert og audskilid, ad hinna sælu himinbúa farsæld, mun miklu meiri verda, já, miklu dýrdlegri, enn vér daudlegir getum oss hér á jørdinni ímindad edur óskad oss. Víst er og þad, sem sami Jesú lærdómur med berum ordum vitnar, ad vér þar verdum fríir frá øllu vondu, en munum vaxa þar í þeckíngu og fullkomnun, og alltaf uppstíga frá einni sælunnar trøppu til annarar ædri, til ad njóta þeirrar sælu, sem Guds Andi í Ritníngunni sýnist hafa útmálad oss sem skírast og skiljanlegast med þessum ordum: þad hefir ecki auga sjed, ecki eyrà heyrt og aldrei hefir

þad í nockurs manns huga edur hjarta komid, hvílík sú sæla er, sem Gud hefir tilreidt sínum útvøldu.

Þessi er sú sæla, sem Jesús hefir oss heitid; þetta þad nýa líf epdir daudann, sem Jesús, med sinni upprisu, hefir gjørt oss fullvissa um ad vér ættum í vændum. Látum oss því, kristnir menn! leggja allt kapp á, þann tíma vér lifum hér í heimi, ad gjøra oss þessarar dýrmætu og ævarandi sælu verduga! þar til vyrdist gódur Gud ad gefa oss nád sína og adstod í Jesú nafni! Amen.

39. Hugvekja.

A sídasta Vetrardag.

Hverr, sem situr undir skjóli ens Hæsta og skugga ens Almáttuga, sá segir til Drottins: mitt traust, mitt slot, minn Gud! á hvern eg vona. (Ps. 91.)

Í, undir skjóli þess Hæsta og skugga hins Almáttuga, má sérhverr af oss vidurkenna, ad hann setid hafi þessa Vetrar-tíd, sem nú lídur út. Kvídandi mattum vér, sem vonlegt var, byrja Veturinn, þegar vér settum oss fyrir sjónir þau hættu tilfelli mannlegs

lífs, sem oss á honum búin vóru; þá hordu vedráttu, sem venjulega fylgir Vetrar = tímanum í voru kalda landi, og ollir opt mønnum og skepnum tjóns og hættu á sjó og landi. Med ángistarsømu auga leit efalaust margur fátæklíngur, vid Vetrarins byrjun til tímans, sem þá fyrir hondum var, þegar hann hafdi ecki fyrir augum sér þad, er nægja vyrdtist til atvinnu sér og sínum, né klædnadi til skjóls í vetrar=kuldanum. En eilíflega vegsamadur sé vor gædskuríki almáttugi Fadir! sem enn þá þetta aflidna missiri hefir audsýnt oss sína trúfostu umhyggju, já, látid oss sannfærast um sína guddóms forsjón, er leiddi oss svo dásamlega gjørvallann Veturinn út, til nálægs tíma, ad enginn ólucka mætti oss, né nockur háski grandadi. Sú orláta hønd, sem útbýtir fædslu allri lifandi skepnu, og sjer fyrir næríngu þeim fuglum, er fljúga um í vetrar=kuldanum, var fyrir oss ecki apturlukt. Forsjón vors Guds og umhyggju megum vér miklu framar prísa, enn forsjálni vora, ad vér lidum enga naud, né þúngann atvinnu brest þenna aflidna Vetur, og ecki eingúngis hefir vors Guds náqvæma um=

byggja alið enn fyrir þörfum vorum um þessa Vetrar-tíð, heldur einnig fyrir ánægju vorri og gleði. Lífsins lucku og unaðsemdar høfum vér aðnotið í ástúdlegri umgengni vina vorra og vandamanna, sem glødðu oss og hughreystu, þegar eitthvað mótdrægt eða ørdugt að høndúm bar; en þegar eitthvørt það mótlæti eða mæða hendti oss, sem hvørki sjálfir vér né vinir vorir fengu ráðið bót á, þegar þær nauðir aðbáru, úr hvorjum vér sáum enga frelsis von, og vor úrræði urðu þau ein, að flýja með auðmjúkri bæn á náðir vors Guðs, hvørjum aldrei verður ráðafátt í vandræðunum, né nockurntíma um megn að hjálpa þeim nauðstøddu, þá fundum vér, já, með sannri hjartans tilfinníngu og þacklæti játum vér það, þá þreifuðum vér á því, hvørsu eyru vors miskunar-ríka føðurs stóðu æ opin fyrir vorum qveinandi harma-kløgunum, og hans almáttugi armleggur var þá útréttur til hjálpar og frelsis oss, er vér vórum í nauðum staddir. Vitni það hverr af oss í sinn stað, hvørt hann, þegar hann af trúudu hjarta bað Guð, fór nockurntíma óbænheyrður frá honum, eða leitaði hans forgéfins, svo að

hann hvorki fengi rauna léttir né endurnæríngu í cymd sinni! en segi oss þad nú einneginn samvitska vor og súendurminníng umlidinnar vetrar tídar, sem upprifjar fyrir oss gædsku Guds og velgjörnínga, er vér á henni medtókum, hvort vér höfum verdskuldad hvílíka födur umhyggju, sem vér reynt höfum ad Gud hefir fyrir oss borid, eda svo náqvæm afskipti af högum vorum oss til lucku og blessunar? hvörr af oss þarf lángrar umþenkíngar til andsvara þessari spurníngu? allir vér, hvör med ödrum, megum efalaust játa, ad vér á aflidnum Vetrar tíma, eins og á ödrum lífs-stundum vorum, höfum til straffs og hegníngar unnid af Gudi en engra velgjörnínga. Fyrir hvörsu margar syndir, drýgdar á aflidnum Vetri, hefdum vér nú ecki ydrun ad gjöra vid Vetrarins enda, ef vér gættum þess? syndir, sem — því midur! — margur hvörr drýgir af ásetníngi; syndir, af vana og tilhnegíngu, sem vér þó þecktum ad módgudu vorn góda Födur, hvörn vér, hvörsu sem syndgudum honum á móti, fundum þó ad hjartanlega elskadi oss, og ól fyrir oss trúfasta önn? En — jafnvel þó

Guds náð, sem kroptug hefir reynst í vanmætti vorum, hafi varðveitt nockra af oss frá vísvitandi syndum, megum vér þó allir, hvørr með ødrum viðurkenna: að ver þrálega syndgudum af gáleysi og bráðræði; en — hversu mikið gott høfum vér ecki forsómað af því, sem vér áttum að gjøra og gátum gjørt? Þegar vér nú íhugum, með verðugum eptirþánka, framferði vort á umliðnum Vetri, og gefum undir eins gaum að því, sem oss á honum mætt hefir, má oss ecki einúngis miklast lánglundar geð Guds og óþreytanleg þolinmæði við mannanna vondsku, heldur enn framar hans óumræðileg náð og miskun við oss synduga, sem erum hans náðar óverðugir. Ó! því framar sem vér megum nú vera sannfærðir, bæði um vorn óverðugleika, og líka um hans þolinmæði og náð við oss, því framar ætti nú ríkdómur hans miskunar að hafa hjá oss þá verkun, sem hann tilætlar; en, eptir engu ødru enn egin luckn vorri leitar hans trúfasti kjærleiki, þar til miðar allt hans umburðarlyndi með syndum vorum; þar til miðar hans nákvæma umhyggja fyrir vorum høgum; þar til miða

allir vors Guðs óteljandi velgjörníngar, og allt, sem hann lætur oss mæta í þessu lífi; allt á þetta, undir hans stjórnun, að leiða oss til farsældar; en þessarar luckn fáum vér þó aldrei orðið aðnjótandi, nema vér séum í sátt við Guð, því er einka meðalið til þess, að komast í sátt við hann, og öðlast aptur hans vinfengi, fyrir syndara, sem af sér brutu hans náð, að iðrast syndanna, af einlægu hugarþeli og bæta sitt líferni; sú iðran er uppbyrjan vorrar lucku, sem mildi Guðs leiðir oss til, með náðarríkri meðhöndlun sinni. O! látum þá ecki þvílíka náð vors Guðs, sem einúngis miðar til vorra egin heilla, verða forgefins. Nú, þegar oss er í fersku minni við Vetrarins enda, bæði gæðska hans, sem leiddi oss Veturinn út, og þær syndir, sem vér á honum drýgt höfum, sem bæði eru margar og miklar, vogum vér ecki að renna augunum til þess komanda Sumars, án þess að leita fyrirgéfníngar á þeim, með hreinni iðran og apturhvarfi frá syndum og löstum.

Ver snúum því, við Vetrarins lok, hjarta voru og munni til þín, miskunsami og góði Guð! lofaður, eilíflega

lofadur og vegsamadur sért þú fyrir þad, ad þú hefir lofad oss lifandi ad útenda þenna Vetur! lofadur vertú fyrir alla þá nád, náqvæma umhyggju, miskun og trúfastann kjærleika, sem þú hefir oss á honum látid í tje! lofadur vertú fyrir alla oss á honum veitta óverdskuldada velgjorninga! en vér fáum þeirra ecki minnst án þess, ad síendurminníng vekí hjá oss blygdun yfir þeim syndum, sem gjordu oss þeirra óverduga. Vor gódi Fadir! vér høfum eckert, vesælir! ad bæta fyrir oss med; uppá þína nád, sem dendanleg reyníst sérhvørjum, er hennar leitar med ydrandi hjarta, og í trausti vors Endurlausnara Jesú, er bætti fyrir vorar syndir, erum vér aumir ad ollu leiti komnir. Í hans nafni vogum vér ad bidja þig, ad fyrirgéfa oss allt þad, sem vér á afstidnum Vetrartíma høfum brotid á móti þér, og vort trúnadartraust til þín, hvørn vér reynt høfum svo gædskuríkann Fødur, er þess fullørugt, ad þú munir uppgéfa oss alla vora miklu skuld, þegar þú sjer ad oss af hjarta ángrar þad vonda, sem vér drýgt høfum, og einsetjum oss einlæglega ad verda þér eptir betri.

En — þú þeckir best vorn óstødugleika í því góda, og er kunnugastur vanmáttur vor til ad framqvæma það. Þinn kraptur, almáttugi Gud! gjøri oss æ støduga, og efli oss veika í øllu gódu! Med fulltrausti um þína nádugu bænheyrslu þessa, endum vér þennann blessada Vetur, og væntum oss, af nád þinni, farsælla í hønd farandi Sumar-tíma, en þegar vorrar þérvistar Vetrar-tímar loksins enda taka á jørdunni, styrki þá hjarta vort srugg trú og von um það, ad vér egum þá fyrir høndum umbreytíngarlausum gledistundum ad fagna í þinni dýrd, sem aldrei mun enda taka.

40. Hugvekja.

Á fyrsta Sumardag.

Fel þú Drottni þína vegu, og vona þú á hann, því øllu mun hann vel til vegar koma. Ps. 37.

Eptirlaungunina, ad vita fyrirfram hvad á ókomnu tímunum mætamuni, finnur sérhvørr af oss í sálu sinni, og er þessi eptirlángan ecki ósjaldan blønduð ótta og qvída fyrir þeim mædu-tilfellum manlilegs lífs, sem vér sjáum fyrir møguleg eda og

líkleg ad tilbera kunni. Vid tímanna umbreytíngar, vid ára og midsára skipti, verdum vér hvad helzt varir hjá oss þessarar eptirlaungunar, þegar vér rennum augunum framm á veginn til þeirra tíma, sem fyrir höndum eru og vér egum úti ad gánga. Þad er því náttúrlegt, nú vid tímanna breytíngar og uppbyrjun nýrrar Sumartídar med þessum degi, þó oss hvarfli í huga sú spurníng: hvad mun sérhvörjum af oss á þessu Sumri ad höndum bera? ad sönnu höfum vér á þessum degi óskad sjálfum oss og hvörr ödrum luckulegs Sumars, en þegar vér rennum haunkunum til hinna margvíslegu tilfella þess mannlega lífs, má ecki undra, þó qvídi fyrir ógédfeldum, ásamt verda kunni vort hlutfall. Sá, sem gladur og ánægdur byrjadi Sumarid í morgun, spyr því: hvört hann muni þad og, í sama ásigkomulagi, fá útendad? mun eg heilbrygdur fá Sumarid aflifad? mun eg ánægju njóta af ástvina minna sambúdum þetta Sumar út? munu mín fyrirtæki heppnast, og mínir næríngar útvegir? mun eg eins frí verda Sumarid út, og nú í dag, fyrir mædu og eymdum? — Sonu-

leidis spyr sá, sem vid lífsins mótlæt-
ingar á ad stríða: munu nínar eymd-
ar-stundir enn þá ecki enda taka á þessu
Sumri? mun sama rauna-byrdi, sem
nú tekur til ad verda óbærileg á mín-
um herdum, ecki af þeim létta Sumar-
id út? uppá enga af þessum ejasømu
og óttablöndudu spurníngum, fær nock-
urr einn af oss med vissu svarad; en
— svo órólegir og qvídafullir, sem vér
verda megum, vid umþenkíngu ókom-
inna tilfella á þessu Sumri, svo meg-
um vér þó þanninn andsvara sjálfum
oss: ad vér vera megum óqvídnir fyr-
ir hvørju helzt tilfelli, sem oss gétur ad
høndum borid, því: allir vorir dagar
standa í hendi Guds; allir vorir ókomnu
tímar og serhvørt tilfelli, sem oss á
þeim mæta mun, er innilukt undir for-
sjónar hønd þess Almáttuga; hann
hefir svo náqvæm afskipti af høgum
vorum, ad eckért vort høfudhár kann
ad skerdast án hans vilja, og svo er hann
mattugur, ad móti hans makt fær eng-
inn stadid. Þessi almáttugi Gud, sem
vakir yfir velferd vorri, hann er, fyrir
Krist, vor forlíkadi Fadir, og elskar oss
med úmrædilegum kjærleika, sem sín
børn. Hann hefir med vísdómi og

gædſku áqvardad þad, ſem á þeſsu Sumri oſs ad høndum ber; en hvad helzt, ſem þad verda kann, blýtur þad undir hans ſtjórnun ad verda til eblíngar luccu vorri og velferd. Þó er þeſs ecki ad vænta, ad þad, ſem Guds alvíſa ráð áqvardad hefir ad vid oſs ſkuli framkoma á þeſsu Sumri, ſvari ætíd til vorra óſka, því vér, fáviſar mannſképnur! vitum ſjaldan hvad oſs er fyrir beſtu; vér lítum optaſt nær einúngis til hins nálæga, og óſkum oſs þeſs, ſem auka megi vora nærverandi ánægju og gledi, án þeſs ad ígrunda hitt, hvørſu hollt oſs muni þad verda fyrir ſeinni tímana; en — ſá Alviſi, ſem lengra ſjer fram í veginn enn vér, ſem betur ſjer hvad oſs hentar enn vér, hann útbýtir oſs því einu, ſem hann ſjer oſs heilladrjúgaſt bædi í bráð og lengd. — Oſs ſkal því ecki undra, þó luckuóſkir þær, ſem vér í dag gjørum oſs, rætiſt ecki ad øllu leiti á þeſsu Sumri; þó ſá harmandi fái ecki ætíd raunaléttir þanninn og á þeim tíma, ſem hann æſkir ſér; þó ad fyritæki vor heppniſt ecki øll eptir vorri tilſtofnun; þó ad luckunnar umbreytíngar mæti oſs þær, ſem kunni ad vera oſs ógédfeldar;

nægi oss hitt, ad vér erum þess fulltrúa, ad hvad helzt sem vor gódi og almáttugi Fadir hefir áqvardad vid oss framkoma skuli í Sumar, hlýtur ad þéna oss til góds, ef vér tökum því, sem hans rádstöfun. Mæti oss þá eitthvört mótlæti á Sumri þessu, sjer hann oss þad hollara enn medlætid, hann sjer oss þá sjúkdóminn heilsusamlegri enn heilbrygdi; örbyrgd heldur enn nægtir; sorg heldur enn gledi; líf heldur enn dauda, láti hann þetta, heldur enn annad, verda vort hlutfall, og þessi trú til vors Guds, um nidurrödun og áqvördun ókominna tilfella vorra, fær gjört oss óqvídna og örugga fyrir hvörju helzt, sem oss mæta kann á þessu nú í dag byrjada Sumri. Med þvílíka trú, sem grundvallar sanna mannlega lucku, ánægju og rósemi í þessu lífi, megum vér, á þessum fyrsta Sumardegi, óska hvörr ödrum til lucku, og vænta oss nægra heilla af henni Sumarid út, og allar vorar ókomnu æfistundir. Mæti mér — segi því sérhvörr af oss, styrkur vid þessa trú — á þessu komanda Sumri, hvad helzt mæta vill, allt mun þad addera eptir rádi míns **Guds**; látum vera, ad þad sé

hulid fyrir mínum aúgum; látum vera, ad þad stríða kunni á móti áformi mínu og óskum, engrar skal þad ab'a mér áhyggju! eg veit, ad allt þad, er vid mig framkemur, skédur ad rádi þess alvísa og góda Guds, sem er minn elskulegur Fadir, og sjá mun betur fyrir rádi mínu enn eg sjálfur. Hans rádstøfun og vegleidslu vil eg, rétt eins og barnid, á hendur fela mig og allt mitt rád; eg vil fylgja honum, hvørt sem hann kallar mig; eg vil trúa honum til þess, sem hann hefir lófad mér; eg vil líða þad, sem hann leggur á mig, því eg er þess fulltrúa, ad hvør helzt luckukjør, sem mér mæta, þó mér finnast megi þau ógédfeld, munu, undir hans stjórnun, verda medal til minnar velferdar. Á mótlætíngunum, þó eg ætti ad líða þær þúngbærar, hefir hann heitid mér vegsamlegum enda; mína gjørvalla jardnesku luckú þetta Sumar út, veit eg minn alvísa Fødur hafa þanninn fyrirhugad, sem mín eilífa velferd útkrefur; rólegur vil eg því og óqvídinn vænta þess, sem hann ályktad hefir ad vid mig skuli framkoma, og í trú til hans forsjónar halda áfram á mínum lífs vegi. En—ef ad vér

viljum nú vænta oss þess, að hvílíkt traust til Guðs gjöri líf vort luckulegt, í hvörjum helzt tilfellum, sem á því mættu aðbera, verðum vér að ástunda af fremsta megni, að lifa eptir hans boðum. Til þess að innræta hjá oss þaðáform, einsetjum vér oss nú a fyrsta Sumardaginn, eptirfylgjandi lífsreglur, sem vér trúlega viljum varðveita Sumarið út:

1.) Eg vil með hreinu hjarta og ráðvøndu framferði framgánga þetta Sumar, eins og fyrir augum alsjáanda Guðs leynt og ljóst; varast að styggja hann með orðum, gjörðum og hugrenníngum, en af fremsta megni taka mér fram í því góða. Engum vil eg gjöra skaða, heldur stydja að annara ánægju og heillum, eins og mínum egin, þá mun samvitska min hughreysta mig og gjöra mig rólegann, þó eitthvað mótdrægt mætti mér, þegar hún ber mér vitni um, að eg sé ecki skuld í mótlæti mínu.

2.) Oll leyfileg meðøl vil eg á Sumri þessu brúka, til að efla með lucku mína og velgengni. Með forsjálni, yðjusemi og trúskap í minni stétt, fæ eg marga hættu umflúið, og mikið gjört

til eblingar lucku minni og ánægju. Þegar eg hefi gjört allt hvad mér er mögulegt, kann eg rólegur ad fela Gudi úrtall athafna minna, sem sjá mun fyrir því mér til besta.

3.) Samt sem ádur skal engin nagandi búksorg né ágirndar ergja ná rætur ad festa í hjarta mínu. Aldrei skal eg á Sumri þessu, eda endrarnær, leitast vid ad bæta mín luckukjør med óleyfilegum hætti eda útvegum; optastnær verdur þvílík adferd og ómak til ólucku; og þó mér heppnast kynni ad fá þad, sem eg sýkist eptir, verd eg þó ecki luckusælli vid þad. Máské sú lucka, sem eg ákafast eptirsæki, olli mér seinna mestu sorgar, og verdi efni til míns eginn skada. Eg bid því Gud, ad úthluta mér því einu, sem hann sjer mér hentast; eg bid hverki um fátækt né ríkdóm, heldur einungis um ánægt hjarta med þad hann gefur mér.

Þegar vér festum oss nú þegar í hjarta þessar lífsreglur, og fylgjum þeim trúlega, höfum vér þar um grundada von, ad þetta Sumar muni oss farsælt og blessad verda. Þér, vor eilífi miskunsami Fadir! fulltreystum vér til þess, ad leida oss luckusæla; þinni

guddómlegu forsjón og Födurkjærleika, felum vér á vald líf vort og sálu og öll vor efni á Sumri þessu; vardveittu oss frá allri ólucku, vernda oss frá öllum háskasemdum á sjó og landi; blessadú öll vor leyfileg fyrirtæki; gefdu oss á-nægt hjarta med alla þína rádstöfun, og láttu allt þad góda, sem þú á Sumri þessu útbýtir oss, hvetja oss til ad elska þig æ meir og meir og ástunda, sem vora ædstu lucku, af öllum kröpt-um ad þócknast þér. Þegar þú, vor Gud! vardveitir þessa þánka í sálu vorri, lifum vér gladir í voninni um þad: ad hverjar helzt luckunnar umbilt-íngar, sem oss mæta, munir þú leida oss í gégnum þær og öll tímaskipti, eptir þínu gædskuríka rádi, og med-taka oss loksins á hæfilegri tíd þáng-ad, sem engin tímanna umbreyting verdur framar.

Bæn í Utgaungu Vetrar.

Med gladværum anda og lofsýngjandi túngu príſum vér þig, vor Fadir og Herra himins og jardar! vor hjálp stendur í þínum höndum; þín miskun og trúfesti er stadfest yfir oss, þínum skynjandi sképnum, frá öndverdu heims, frá kyni til kyns, í strídu sem blídu. Vetrarins hörkur og hardvidri gjörir þú ad þínum þénurum; hagl og eldíngar ad þínum sendibodum, er kénna ega oss varhygd og viturlega tímans brúkun. Þú mentar oss þannig, gódi Gud! til ædri fullkomnunar sídarmeir; þess vegna prísar vor sála þig, og þakklát vidurkénnir: allt er af þér med vísdómi nidurskipad, allt þitt ráð, öll þín stjórnan og vegir eilíf speki og gædska. Þú ert verndari hins volada, sem rádvandur treystir þér; vort örugga athvarf hefir þú verid á tíma neydar og mannrauna þenna Vetur, eins og allar aflidnar æfistundir, því skulum vér af hjarta á þig vona, og gledja oss vid þá vissu: ad þú svo fúslega hjálpar. Þú géfur Sumar og Vetur, skin eptir skúr; þú tiptar ad sönnu, en ofurgéfur þó ecki daudanum. Lofadur sé Gud! sem leidt hefir oss lífs og heila fram ad þessa Vetrar enda, forsorgad oss og frelsad frá mörgum þecktum, en þó víst ótal fleiri óþecktum háskasemdum. Fagna skulum vér því og gladir segja: lofad sé nafnid Drottins ad eilífu, Amen!

Bæn í inngaungu Sumars.

Vegsamad sé þitt dýrdarfullá nafn ad eilífu, alvoldugi tímanna Stjórnari! þitt ord, Drottinn! er sannleikurinn, og þín fyrirheit bregdast aldrei; þú býdur, svo skédur þad; þú skipar, og þad stendur svo; þín stjórnan er dásamleg, og þín nídurradan í náttúrunni raskast ecki um aldur og æfi. Þú hefir skapad Sumar og Vetur, ljós og myrkur, frost og hita, blídt og strídt, allt hefir þú þad tilsett til þarfa oss, þínum sképnum; sú vísdóms skipan stendur enn þá stodug: Veturinn er aflidinn, en Sumarid tekur vid. Lof sé þér fyrir lidnar lífsstundir! já! eilífar þackir séu þér fyrir hlífd og vidhald, bjørg og blessun og allt gott oss veitt og géfid til lífs og sálar á aflidnum Vetri! því framar, sem vér høfum verid komnir uppá þína nádugu varatekt, því áþreifanlegri hefir þú audsýnt oss hana. Þú hefir hlíft oss fyrir verdskuldudu synda-straffi; fyrir slíjum og lífstjóni; enginn almenn neyd hefir nád ad granda oss, eda voru kjæra Fødurlandi: allar Vetrarins óblídur, allar þínar fødurlegu bendíngar til vor, hafa stýladar verid med náqvæmustu vægd og vorkunsemi; já! øll þín vidhøndlan, rád og vegir yfir oss, hafa verid einskjær miskun og trúfesti. Vér høfum syndgad, vér høfum verdskuldad straff, en þú hefir audsýnt oss nád; æ! lát hana fram-

vegis haldast yfir oss, í Jesú nafni! Gef oss með nýu Sumri nýa blessun! farsæl oss þínar gáfur, þitt lán og allar skepnur! farsæl vora útvegi, vort erfiði og atvinnu og allt, það, er vér tökum oss fyrir hendur til sjós og lands, í þínum ótta. Bjóð lopti, jörð og sjó að færa oss þína blessun, en gef oss, með þakklæti og sannarlegri auðmýkt að taka við því öllu, hvert það verður mikið eða lítið, sem þín speki álítur þénanlegt að úthluta oss, til hagsælda og nota, af jarðneskum gæðum þetta Sumar. Ebl hjá oss stöðugt trúnaðar = traust til þinnar forsorgunar, og varðveit oss frá óþarfa výli og heiðínglegri búksorg. Þú, vor himneski Faðir! veitst hvers vér viðþurfum, uppfyll alla vora nauðþurft, eptir þínum dýrðar ríkdómi í Jesú Kristi. Í hans nafni byrjum vér glaðir Sumarið; gef að það verði oss blessunarríkt og notasæl undirbúníngs = og fullkomnunar = tíð, til ríkuglegrar uppskéru á síðan í eilífðinni; Amen!

152